# Döffblaðið

fréttabréf Félags heyrnarlausra

1. tbl. 11. árg. júní 2010




**Hátíðardagskrá Félags heyrnarlausra á Loftleiðum**

**50 ára afmælishátíð Félags heyrnarlausra**

**Íslenskur skólastjóri tekur við lýðháskóla í Noregi**

**Félag heyrnarlausra í nýtt húsnæði**

# Í þessu blaði ...


3 Formannsleiðari
3 Ávarp framkvæmdastjóra
4 Fjölbreytt afmælishátíð
8 Hátíðardagskrá Fh á Loftleiðum
10 Málþing um samning SÞ um réttindi fatlaðra
12 Saga heyrnarlausra komin út
13 Alþjóðleg túlkun á táknmáli í fyrsta skipti á Íslandi
14 Galakvöld - svipmyndir
17 Maður ársins 2009
17 Viðurkenningar félagsins
19 MP banki styrkir Félag heyrnarlausra
21 Landsbanki gefur starfsmönnum sínum músamottu
21 Daniel Jensen heiðursfélagi Fh
23 Flugslysið í Héðinsfirði
24 Svarta fortíðin kvödd með svörtum blöðrum
26 Framkvæmdanefnd í málefnum Döff
27 Margir táknmálstúlkar starfandi að sama verkefni
29 Á Íslandi ríkir meira jafnrétti
30 Foreldramorgnar í Fh
31 Skrifaði meistararitgerð sem vakti athygli
33 Íslenskur skólastjóri tekur við lýðháskóla í Noregi
34 Söguspegillinn
35 Heimsókn Döff aldraðra til forseta Íslands
36 Líf og fjör í óvissuferð
39 Stofnun félagsins Litlu Puttalingarnir
40 Meistari kemur í heimsókn
40 Með fiðrildri í maganum bjart framundan
41 Evrópumeistaramót í keilu
42 Félag heyrnarlausra í nýtt húsnæði
44 Saumastofa Landspítalans hlýtur Múrbrjótinn
45 Svipmyndir frá málþingi um Castberggard heilkenni



**Döffblaðið - Fréttabréf Félags heyrnarlausra, 1. tölublað 11. árgangur, júní 2010**

**Útgefandi:** Félag heyrnarlausra,
Grensásvegi 50, 108 Reykjavík.
Sími: 561 3560, fax: 561 3567.
Netfang deaf@deaf.is, veffang www.deaf.is.
**Ábyrgðarmaður:** Heiðdís Dögg Eiríksdóttir.
**Ritstjóri:** Kristinn Jón Bjarnason.
**Að blaðinu unnu:** Kristinn Jón Bjarnason og Laila M. Arnþórsdóttir.
**Prófarkalestur:** Anney Þórunn Þorvaldsdóttir.
**Umbrot:** Kristinn Jón Bjarnason.
**Hönnun á forsíðu:** Vilhjálmur G. Vilhjálmsson.
**Mynd á forsíðu:** (frá vinstri), frú Vigdís Finnbogadóttir, Heiðdís Dögg Eiríksdóttir, herra Ólafur Ragnar Grímsson og Guðmundur Ingason.
**Prentun:** Litróf.
**Ljósmyndir:** Daði Hreinsson, Hanna Kristín Jónsdóttir, Haukur Vilhjálmsson, Jón Gunnar Jónsson, Karenina K. Chiodo, Kristinn Jón Bjarnason, Laila M. Arnþórsdóttir, S. Kolbrún Hreiðarsdóttir, Sigurlín Margrét Sigurðardóttir, Steinunn Lovísa Þorvaldsdóttir, Þröstur Friðþjófsson og aðrar aðsendar myndir.
**Stjórn Félags heyrnarlausra:** Heiðdís Dögg Eiríksdóttir, formaður, Guðmundur Ingason, varaformaður, Gunnar Björn Jónsson, Hjördís Anna Haraldsdóttir og Magnús Sverrisson.
**Framkvæmdastjóri:** Daði Hreinsson.
**Upplag:** 1.200 eintök.
**ISSN:** 1670-6013.




# Formannsleiðari

Sæll kæri lesandi

Undanfarnir mánuðir hafa verið viðburðaríkir og lærdómsríkir. Ég tók við formennsku Félags heyrnarlausra í sumarlok 2009. Ég hef í gegnum formennsku fengið tækifæri til að kynnast mörgu góðu fólki, fengið að nálgast mörg mál með annarri nálgun en ég hafði hugsað mér. Þetta allt hefur kennt mér margt, en hefur þó ekki alltaf verið auðvelt. Stundum komu tímar þar sem ég var við að gefast upp. Það sem kom mér til að spretta á fætur var hungrið í mér að klára verkefnin sem ég hef einsett mér að klára með með jákvæðu fólki, stjórn Félags heyrnarlausra ásamt félagsmönnum Félags heyrnarlausra.



Félagsmenn eru lykillinn að því að Félagið haldi sinni göngu áfram. Nú er Félagið komið undir nýtt þak, er það mín von að félagsstarfið muni eflast á mörgum sviðum nú í framtíðinni enda bættar aðstæður. Það er undir félagsmönnum komið að róa félagsstarfabátnum af stað og í gegnum öldurnar.

50 ára afmælishátíð Félags heyrnarlausra lukkaðist vel að mínu mati. Þarna var saman kominn stór hópur af fólki sem átti eitt sameiginlegt – táknmálið, sem er lykillinn að menningu og menningararfi. Ég á góðar minningar sem ég mun varðveita vel, notalegt var að standa og horfa yfir mannhafið og sjá hendurnar á fleygiferð, andlitin skína, augun ljóma og fólkið njóta lífsins á ýmsum aldri. Þegar ég fékk táknmálið í hendurnar gjörbreyttist lífið mitt, sálin og ég sjálf. Síðan hef ég óspart notað táknmálið, elskað það og hlakka ég til framtíðarinnar með táknmálið í höndunum.

*Heiðdís Dögg Eiríksdóttir*

# Ávarp framkvæmdastjóra

Það er mér heiður að á tímum sem þessum að geta tilkynnt að staða Félags heyrnarlausra sé betri en oft áður. Betri í fjárhagslegu tilliti þó svo verulegur niðurskurður hafi átt sér stað, bæði frá hinu opinbera og í söluátaki, þá höfum við haldið vel og rétt utan um fjármál og rekstur félagsins. Einnig er gott að mörg mikilvæg og stór réttinda og baráttumál eiga von á niðurstöðu í kjölfar vinnu framkvæmdanefndar sem forsætisráðuneytið lét setja á laggirnar upphaflega en er í umsjá menntamálaráðuneytisins á meðan vinna framkvæmdanefndarinnar fer fram. Hlutverk nefndarinnar er að greina þjónustuþörf heyrnarlausra frá vöggu til grafar, allt frá búsetuskilyrðum, atvinnu- og menntamálum og almennri þjónustu þeim til handa. Vinnan er vandasöm en í nefndinni er úrvalsfólk sem heldur vel utan um hagsmuni heyrnarlausra og þekkir þarfir þessa hóps mjög vel.



Þá flutti félagið starfsemi sína upp á Grensásveg 50 í lok maí og er aðstaðan hin glæsilegasta, bæði hjá starfsfólki og utan um félagsaðstöðuna. Vonandi munu félags-, menninga- og fræðslumál aukast og eflast við bætta aðstöðu.

Þá var 50 ára afmæli Félags heyrnarlausra haldið hátíðlegt dagana 11. - 13. febrúar síðastliðinn með fjölbreyttri þriggja daga dagskrá auk myndlistar- og handverkssýningar sem sýnd var í Ráðhúsi Reykjavíkur dagana 11.-18. febrúar. Allir dagskrárliðir voru vel sóttir og almenn ánægja með það sem í boði var. Einnig var gefin út bókin „Saga heyrnarlausra á Íslandi“ en bókin var skráð af Reyni Berg Þorvaldssyni sagnfræðingi og hefur að geyma sögu heyrnarlausra hér á landi allt aftur í Hávamál og til dagsins í dag. Fróðleg bók sem mun varðveita sögu heyrnarlausra um ókomna tíð.

Framtíðarhorfur sýna enn nokkra baráttuliði og verða þeir helstir að ná frumvarpi um viðurkenningu táknmálsins í gegn eins og núverandi ríkisstjórn er búin að lofa. Þá þarf að bæta textun á íslensku efni í sjónvarpi, auka táknmálstúlkaþjónustu í gegnum vídeósíma auk fleiri brýnna mála. Heldur sú barátta áfram hér eftir sem hingað til en ég leyfi mér að segja að það glitti betur í lausn þessara mála en oft áður.

Þakka ég stuðningsaðilum og velunnurum Félags heyrnarlausra stuðninginn með von um áframhaldandi samleið á komandi árum.

*Daði Hreinsson*

# Fjölbreytt afmælishátíð

*50 ára afmæli félagsins*



*Heiðdís Dögg Eiríksdóttir formaður Félags heyrnarlausra opnar afmælishátíðina á Loftleiðum. Kolbrún Völkudóttir og Gunnar Björn Jónsson túlka á alþjóðlegu táknmáli.*

Fyrir rúmum fimmtíu árum „komu nokkrir heyrnarlausir saman og hugðust stofna félag sem gæti eflt samstöðu þeirra og stolt, í baráttu fyrir réttindum sínum til jafns við aðra þegna þjóðfélagsins“ sagði Hervör Guðjónsdóttir þáverandi formaður Félags heyrnarlausra á árshátíð Félags heyrnarlausra þann 16. febrúar 1980.

Hún sagði einnig: „Þetta var hinn þögli minnihluti í þjóð-félaginu sem hafði fæðst heyrnarlaus eða heyrnar-skertur. Hópur sem var ákveð-inn í að brjótast út úr skel einangrunar og vekja athygli á réttindum sínum. Flestir voru búsettir í Reykjavík eða næsta nágrenni. Fyrstu árin var komið saman á heimilum okkar, áður en formleg félagsstofnun fór fram“.

Forsenda þess að heyrnarlausir njóti fullra réttinda í samfélaginu er að íslenska táknmálið verði opinberlega fyrsta mál heyrnarlausra. Því hefur baráttan fyrir löggildingu íslenska táknmálsins verið efst á blaði hjá félaginu undanfarin ár.

Ákveðið var að halda upp á 50 ára stórafmæli félagsins með ýmsum viðburðum dagana 11. til 13. febrúar 2010.

Skipuð var afmælishátíðarnefnd og í henni voru Heiðdís Dögg Eiríksdóttur, Guðmundur Ingason, Daði Hreinsson og Þröstur Friðþjófsson. Auk þess voru tvær aðrar nefndir: málþingsnefnd og galakvöldsnefnd. Draumasmiðjan kom einnig að undirbúningi vegna leikrits sem var frumsýnt á afmælishátíðinni. Fjölmargir aðrir komu að undirbúningi afmælishátíðarinnar.

Á afmælishátíðinni var sett upp leikrit, myndlistar-sýning, sögusýning, málþing og fleira. Dagskráin var því fjölbreytt og skemmtileg og það var mikið um að vera hjá Félagi heyrnarlausra í kringum afmælið.

Á næstu blaðsíðum verður fjallað um afmælishátíðina í máli og myndum.



## Myndlista- og sögusýning

Hátíðin hófst þann 11. febrúar 2010, klukkan 11 á sjálfan afmælisdaginn, með opnun á myndlistar- og sögusýningu í Ráðhúsi Reykjavíkur. Á sögusýningunni voru myndir og viðburðir frá 50 ára sögu Félags heyrnarlausra. Steinunn Lovísa Þorvaldsdóttir tók saman og setti upp í viðburðadagatali minningar úr starfi Félags heyrnarlausra síðustu 50 ára í myndrænu formi. Þá var myndlistar- og sölusýning eftir heyrnarlausra listamenn, þau Kolbrúnu Hreiðarsdóttur, Vilhjálm G. Vilhjálmsson og Sunnu Davíðsdóttir. Sýningin stóð yfir í eina viku. Ókeypis aðgangur var að sýningunni.







## Afmælishátíð á Loftleiðum

Afmælishátíðin hófst svo formlega með athöfn á Hótel Loftleiðum klukkan fjögur síðdegis á afmælisdaginn og er sagt frá því annars staðar í blaðinu.







# „Borð fyrir tvo“ frumsýnt



Föstudagskvöldið 12. febrúar var dagskránni haldið áfram, með kvöldverði ásamt erlendum gestum á Kaffi Sólon. Þá var leikritið „Borð fyrir tvo“ frumsýnt. Leikritið var eingöngu skipað heyrnarlausum leikurum ásamt því að vera leikstýrt af heyrnarlausri leikkonu og leikstjóra, Elsu G. Björnsdóttur. Hlutverkin skipuðu Hjördís Anna Haraldsdóttir, Júlía Guðný Hreinsdóttir og Kolbrún Völkudóttir. Leikritið er gamansamur einþáttungur sem fjallar um tvær konur sem hittast á veitingahúsi því þær eiga pantað borð þar, en þær vita ekki hver pantaði borðið né þekkja þær hvor aðra og í gegnum verkið fá áhorfendur að kynnast konunum og þeirri ókunnu ástæðu fyrir að þær sitja þarna saman án þess að þekkja neitt til hvor annarrar. Áhorfendum fannst leikritið frábært og töldu ástæðu til að endursýna það síðar.















# Fjölmargir erlendir fulltrúar

Fjölmargir erlendir fulltrúar voru á afmælishátíðinni og var fundur Norðurlandaráðs heyrnarlausra, Norðurlandaráðs ungmenna heyrnarlausra og Evrópusamband heyrnarlausra föstudaginn 12. febrúar. Þetta var í fyrsta skipti sem Norðurlandaráð heyrnarlausra og Evrópusamband heyrnarlausra koma saman á einum fundi og á sama stað. Um 30 erlendir fulltrúar tóku þátt í afmælisdagskránni.





# Málþing um S.Þ. sáttmála um réttindi fatlaðra



Á laugardagsmorgni var málþing, um S.Þ. sáttmála um réttindi fatlaðra, í Salnum í Kópavogi. Sagt nánar frá málþinginu á öðrum stað í blaðinu.

# Galakvöldverður á Rúbín




Um kvöldið 13. febrúar var galakvöldverður á Rúbín í Öskjuhlíð. Þangað mættu tæplega 200 manns. Veislustjórar kvöldsins voru Guðmundur Ingason og Eyrún Aradóttir sem jafnframt var túlkur. Boðið var upp á þriggja rétta máltíð auk skemmtiatriða og annarra gjörninga. Þá var stuttmynd frumsýnd eftir Gunnar Björn Jónson, sem heitir „Ops, gerði ég það?“. Leikarar í myndinni voru Heiðdís Dögg Eiríksdóttir, Hjördís Anna Haraldsdóttir, Guðmundur Ingason, Sigurlín Margrét Sigurðardóttir, Guðbjörn Sigurgeirsson, Sindri Jóhannsson og Elsa Guðbjörg Björnsdóttir. Ljósmyndun annaðist Hanna Kristín Jónsdóttir.

Daniel Jensen var útnefndur heiðursfélagi Félags heyrnarlausra. Hann er sá fimmti sem hlýtur þann heiður. Maður ársins 2009 var kjörin Heiðdís Dögg Eiriksdóttir og sérstakar viðurkenningar frá Félagi heyrnarlausra hlutu Guðmundur Ingason, Kolbrún Völkudóttir og Laila M. Arnþórsdóttir. Nánar verður sagt frá viðurkenningum annars staðar í blaðinu. Eftir að dagskrá lauk var tónlist, gleði og dans fram eftir nóttu.

# Hátíðardagskrá Félags heyrnarlausra á Loftleiðum

## *50 ára afmæli félagsins*

Félag heyrnarlausra var með opnunarhátíð í tilefni 50 ára afmælis félagsins á afmælisdeginum þann 11. febrúar 2010. Efnt var til hátíðardagskrár í Víkingasal Hótels Loftleiða.  Margt var um manninn og tókst hátíðin í alla staði mjög vel.  Heiðursgestir hátíðarinnar voru meðal annarra forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, Árni Páll Árnason félagsmálaráðherra og Vigdís Finnbogadóttir, en hún er verndari íslenska táknmálsins.

Herra Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands, veitti viðtöku fyrsta eintaki bókarinnar „Saga heyrnarlausra á Íslandi“ sem var að koma út. Meðals annars sagði forseti Íslands:
*Það var hugsjónafólk sem ýtti baráttunni úr vör og fyrir hálfri öld var á brattann að sækja, í samfélaginu var takmarkaður skilningur á veröld þagnarinnar, á hvernig hægt væri að veita heyrnarlausum tækifæri til náms og starfa, tryggja tungumáli þeirra jafnstöðu og opna þeim heiminn á nýjan hátt. Þótt vissulega megi enn gera betur hefur mikið áunnist og fyrir það ber að þakka á þessari stundu, þakka brautryðjendum og öllu því góða fólki sem lagt hefur hönd á plóg.*
Ennfremur sagði forseti Íslands í ræðunni að íslenska táknmálið væri nú samofið menningu okkar og ættjarðarvitund um leið og það er í daglegri önn tæki notenda sinna.

Árni Páll Árnason, félags- og tryggingamálaráðherra, ávarpaði gesti og sagði meðal annars:
*Áratugum saman meinuðu stjórnvöld heyrnarlausum að njóta tjáskipta á því máli sem þið áttuð möguleika á að tileinka ykkur, táknmálinu. Afleiðingin varð sú að margar kynslóðir heyrnarlausra fóru*



*Herra Ólafur Ragnar Grímsson og Gunnar Björn Jónsson túlkar á alþjóðlegu táknmáli.*

*á mis við þau tækifæri til þroska og menntunar sem okkur finnst öllum sjálfsagt að njóta. Einangrun heyrnarlausra varð verri en en hún hefði þurft að vera. Mörg ykkar sem þurftuð að ganga þessa þrautagöngu eruð stödd hér í dag. Full ástæða er til að viðurkenna ábyrgð stjórnvalda á þessum mistökum, biðjast afsökunar á þeim og draga af þeim lærdóma.*
Árni Páll sagði að gert yrði átak í réttindagæslu fatlaðra og að tekið verði höndum saman um að vinna gegn einangrun heyrnarlausra, auka veg táknmálsins og leitast við að mæta þjónustuþörfum hvers og eins einstaklings.

Börn úr leikskólanum Sólborg sungu Þúsundaldarljóðið á táknmáli og íslensku.  Þau stóðu sig mjög vel og var að vonum vel fagnað.

Börnunum fannst mjög gaman að koma fram og þau voru sérstaklega ánægð með að fá að syngja fyrir forsetann sem var á hátíðinni.

Frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands og verndari Íslenska táknmáls hélt einnig ræðu.

Ljóðið “Íslenski fáninn er okkar land” var flutt á táknmáli en það voru Hjördís Anna Haraldsdóttir, Hulda Halldórsdóttir, Magnús Sverrisson og Sunna Davíðsdóttir sem fluttu.

Ræðurnar voru túlkaðar bæði á íslenskt táknmál og alþjóðlegt táknmál.  Alþjóðlegt táknmál er ólíkt íslensku táknmáli og nauðsynlegt fyrir erlendu gestina til að geta skilið allar ræðurnar.




















# Málþing um samning SÞ um réttindi fatlaðra

## 50 ára afmæli félagsins

Laugardaginn 13. febrúar 2010 hélt Félag heyrnarlausra málþing um samning Sameinuðu Þjóðanna um réttindi fatlaðra, í Salnum í Kópavogi. Yfirskrift málþingsins var „Hvernig á að nýta hann sem verkfæri í réttindabaráttu okkar?“ Á málþinginu voru nokkrir erlendir Döff fyrirlesarar sem voru hér á landi í boði Félags heyrnarlausra í tilefni 50 ára afmælisins.


Markku Jokinen - forseti Alheimssambands heyrnarlausra (WFD)

**Markku Jokinen** - forseti Alheims-sambands heyrnarlausra (WFD) og framkvæmdastjóri Landssambands heyrnarlausra í Finnlandi. Hann fjallaði um sögu samnings SÞ, stöðuna í dag og hvað sé framundan. Þá sagði hann að táknmál kæmi inn í stjórnarskrá eða lög í mörgum ríkjum í dag. Tungmál væri skilgreint sem talað mál eða táknmál. Þá sagði Markku að heyrnarlausir (Döff) væru minnihlutahópur sem hafi sína eigin menningu og er táknmál hluti af henni. Markuu nefndi nokkur dæmi um heyrnarmismun (*e. Audism*) sem Döff geta upplifað, svo sem í leit að vinnu og á vinnustað, þar sem atvinnurekandi mismunar Döff og heyrandi. Með öðrum orðum eru „heyrnarfordómar“, það að reyna ekki að koma til móts við Döff. Markku taldi mikilvægt að hagsmunasamtök tali við stjórnvöld og fleiri aðila í baráttumálum þeirra.

**Mark Wheatley** - framkvæmdastjóri Evrópusambands heyrnarlausra (EUD). Hann fjallaði um EUD og hvernig má ná fram jafnrétti fyrir samfélag heyrnarlausra út frá samningi SÞ um réttindi fatlaðra. Skv. skoðanakönnun sem EUD gerði fyrir tveimur árum eru 650 þúsund táknmálsnotendur í Evrópu, en táknmálstúlkar eru 7 þúsund. 30 lönd eiga fulla aðild að EUD. Ísland og Noregur eiga full aðild að því, þó löndin séu ekki í Evrópusambandinu. Sjö lönd í Evrópu hafa viðurkennt táknmál sem fyrsta mál eða móðurmál Döff (7 af 30). Það þýðir að 23% í Evrópu eru búin að viðurkenna táknmál sem móðurmál Döff. Þá ræddi Mark um sum lönd hafa viðurkennt táknmál á einhvern hátt, eins og Ísland sem setti táknmál inn í námsskrá í Grunnskólum árið 1999, þannig má segja að Íslensk stjórnvöld hafi viðurkennt táknmál að hluta. Þá ræddi Mark um stefnu EUD með því að eiga samvinnu með fötluðum, Evrópuþing, að auka meðvitund um táknmál, og samvinnu við aðra eins og EDF, Counsil of EU og fleiri.

**Helga Baldvinsdóttir Bjargadóttir** - þroskaþjálfi, lögfræðingur og er í meistaranámi í fötlunarfræðum. Hún flutti fyrirlestur um stöðu sáttmálans á Íslandi. Með sáttmálanum er verið að viðurkenna að fatlað fólk er ennþá svipt mannréttindum sínum. Íslensk stjórnvöld hafa undirritað sáttmálann (30. mars 2007) en ekki fullbókað sáttmálann. Íslensk stjórnvöld eiga eftir að setja efni sáttmálans í löggjöf og fullgilda hann. Helga benti á að Döff eru ekki fatlaðir ef fólk í kringum þá kann táknmál. Það sé mikilvægt að virða mannréttindi. Félagsmálaráðherra skipaði nefnd um samninginn fyrir tveimur árum. Verkefni nefndarinnar er að kanna hvort lög og reglugerðir hér á landi uppfylli kröfur sem lagðar eru á þau ríki sem fullgilda samninginn. Helga sagði nefndina hafa komið með tillögu um að íslenskt táknmál verði viðurkennt sem móðurmál heyrnarlausra. Þá þarf að festa í lög um textun í sjónvarpsefni og túlkun sem er hluti af aðgengi að upplýsingum. Helga sagði að skýrslan eigi að vera aðgengileg fyrir alla. Hagsmunarsamtök eiga m.a. að hafa eftirlit með því. Helga telur mjög mikilvægt að hagsmunarsamtök skili inn tillögum til nefndarinnar áður en ráðherra leggur fyrir þingið frumvarp um fullgildingu sáttmálans.

**Ádám Kósa** - þingmaður á Evrópuþinginu (EP) og formaður

















Landssambands heyrnarlausra í Ungverjalandi. Var með kynningu um sig sem þingmann á EP. Hann er lögfræðingur frá Ungverjalandi og fyrsti Döff einstaklingurinn og táknmálnotandinn til að vera þingmaður í EP í júní 2009. Var nýlega tilnefndur sem formaður nefndar um fötlunarmál á vegum EP. Ádám sagði að 27 lönd eigi aðild að Evrópusambandi (EU). Í EP eru 736 þingmenn og mun þeim fjölga eftir því sem aðildarlöndum fjölgar. Hann hefur fengið góðar viðtökur sem þingmaður þess og hann telur það hafa góð áhrif að Döff taki þátt í þingstörfum EP. Það sýnir að Döff getur unnið sem þingmaður eins og hver annar. Ádám sagði að með því að vera góð fyrirmynd, skilningur á málefni Döff sé góður og að skýr stefna fyrir baráttunni sé fyrir hendi, þá sé auðvelt að vinna sig upp.

**Gergely Tapolczai** - stjórnarmaður í Evrópusambandi heyrnarlausra og framkvæmdastjóri Landssambands heyrnarlausra í Ungverjalandi. Hann sagði frá reynslu Ungverja af baráttu þeirra vegna viðurkennings táknmáls sem móðurmáls og kynningu samningsins í samfélaginu. Gergely sagði að Landssamband heyrnarlausra í Ungverjalandi hafi orðið 100 ára á árinu 2007. Hann sagði mikilvægt að aðildarlönd innan WFD vinni að sáttmálanum og vinni líka saman. Gergely rakti söguna í baráttu þeirra að viðurkenningu táknmáls sem móðursmáls í Ungverjalandi. Landssambandið ákvað að fara í stefnumótunarvinnu í almannatengslum. Þá var málefni þeirra kynnt út í samfélaginu, með greinaskrifum, góðum upplýsingum á heimasíðu fyrir alla, upplýsingamiðlun, ráðstefnuhaldi og með því að hitta þingmenn. Gergely segir mikilvægt að styðja aðra málminnihlutahópa og taka undir málstað þeirra. Þannig notuðu þau sáttmálann á leiðinni til þess að viðurkenna táknmál sem móðurmál og það tókst. Allir á þinginu sögðu „já“ við frumvarpinu um viðurkenningu táknmáls sem móðurmáls. Enginn sagði „nei“. Þetta var stór sigur. Gergely gaf mörg góð ráð. Hann telur mikilvægt að hafa samvinnu við alla stjórnmálaflokka og þingmenn til að veita viðurkenningu móðurmáls brautargengi. Á næstunni er markmið hjá þeim að sjónvarpsefni verði textað. Stefnt er það því að það hljóti 100% samþykki.

Þess má geta þess að á afmælishátíð Félags heyrnarlausra þann 11. febrúar 2010 sagði félagsmálaráðherra, m.a. að: *„Framundan er átak í réttindagæslu fatlaðra. Við hyggjumst leggja fram lagabreytingar á grundvelli skýrslu sem samin var af starfshóp um það efni í fyrra. Þá er í bígerð lögfesting samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun. Við erum með í vinnslu frumvarp um það efni, en þörf er fjölþættra lagabreytinga til að veita honum lagagildi hér á landi“.*

Á málþinginu kom fram að fleiri og fleiri lönd eru komin með löggjöf eða stefnu um textun á sjónvarpsefni, en hérlendis er ekkert skipulag á textun á sjónvarpsefni. Eftir málþingið voru gestir þess fróðari um samning Sameinuðu Þjóða um réttindi fatlaðra. Umsjón með málþinginu hafði Hjördís Anna Haraldsdóttir og Berglind Stefánsdóttir var fundarstjóri. Það er ljóst að mikið vantar upp á mannréttindi og aðgengi.

# Saga heyrnarlausra komin út

Í tilefni af 50 ára afmæli Félags heyrnarlausra ákvað félagið að gefa út bók um sögu heyrnarlausra. Vinna við bókina hófst haustið 2008 og lauk í janúar 2010. Bókina ritaði Reynir Berg Þorvaldsson meistaranemi í sagnfræði við Háskóla Íslands. Honum til aðstoðar var Steinunn L. Þorvaldsdóttir.

Bókin heitir „Saga heyrnarlausra á Íslandi“ og spannar sögu heyrnarlausra allt frá miðöldum og fram til dagsins í dag. Bókin skiptist í þrjá meginkafla, sögu heyrnarlausra á Íslandi fram til ársins 1867, skólamál heyrnarlausra og félags- og réttindamál heyrnarlausra síðustu fimmtíu ár.

Hægt er að kaupa bókina á skrifstofu Félags heyrnarlausra og kostar hún kr. 4.900.









www.kfc.is




# Alþjóðleg túlkun á táknmáli í fyrsta skipti á Íslandi

Gunnar Björn Jónsson

Hluti af 50 ára afmælishátíðinni var að halda málþing. Undirbúningsvinnu fyrir málþingið annaðist Hjördís Anna Haraldsdóttir. Þegar dagskrá var í mótun var ljóst að það þurfti að reikna með túlkun yfir á íslenskt táknmál og íslensku fyrir málþingsgesti þar sem fyrirlesarar voru frá Finnlandi, Ungverjalandi og Englandi/Belgíu. Fundarmálið yrði alþjóðlegt táknmál.

Leitað var til túlkaþjónustu Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra. Gerður Sjöfn Ólafsdóttir táknmálstúlkur vann með Hjördísi í að finna bestu hugsanlegu lausnina. Niðurstaðan var sú að besta leiðin væri að nota Döff til að millitúlka af alþjóðlegu táknmáli yfir á íslenskt táknmál og öfugt. Síðan myndi túlkaþjónustan sjá um að túlka af íslensku táknmáli yfir á íslensku og öfugt. Ferlið sjálft var flókið að það tók smá tíma að sjá að þetta myndi ganga upp.

Ákveðið var að fá fjóra Döff til að millitúlka og tvo til þrjá táknmálstúlka. Þar sem þetta var tilraunaverkefni þá voru Döff túlkar í sjálfboðavinnu og túlkaþjónustan skipulagði stutt námskeið sem hlutverk túlka var rætt og hvernig vinnuferlið væri og hvað ætti forðast við túlkun.

Gunnar Björn Jónsson, Heiðdís Dögg Eiríksdóttir og Kolbrún Völkudóttir tóku að sér að vera alþjóðlegir táknmálstúlkar ásamt Hjördísi.

Í upphafi hittust fjórmenningarnir og ræddu hvernig væri best að hafa skipulagið. Skoðuð voru fullt af hugtökum og táknum sem mikið eru notuð á ráðstefnum. Svo notuðu þau DVD með fullt af efni frá WFD og EUD til æfa sig í að horfa alþjóðlegt táknmál og þýða beint á íslenskt táknmál. Þau hefðu kosið lengri tíma í undirbúning en framkvæmdin tókst vel á staðnum og millitúlkarnir fengu mikið hrós fyrir verkefnið.










# Galakvöld - svipmyndir

## *50 ára afmælisárshátíð félagsins*



*Þau skemmtu sér vel á árshátíðinni. Sigurlín Margrét Sigurðardóttir og Ádám Kósa þingmaður Evrópusambandsins.*

Afmælisárshátíð Félags heyrnarlausra var haldin hátíðleg þann 13. febrúar sl. Vel var mætt á árshátíðina og skemmtu gestir sér mjög vel yfir frábærum skemmtiatriðum. Við látum myndirnar tala sínu máli. Myndirnar tóku Hanna Kristín Jónsdóttir, Karenina Kristín Chiodo, Þröstur Friðþjófsson og aðrir.













































# Maður ársins 2009

Nokkrar tilnefningar um mann ársins 2009 bárust frá félagsmönnum. Þá var ákveðið að þrír úr stjórn Félags heyrnarlausra skyldu skoða málið mjög vel þar sem nöfn tveggja stjórnarmanna voru áberandi í tilnefningum. Þessir tveir einstaklingar viku því sæti í umræðunni um mann ársins.

Málið var skoðað mjög vel og svo ákveðið að útnefna Heiðdísi Dögg Eiríksdóttur mann ársins 2009 í samfélagi heyrnarlausra.

Heiðdís hefur náð þeim merka árangri að vera fyrsti menntaði döff hjúkrunarfræðingurinn í Evrópu og eflaust víðar.

Hún tók sæti formanns Félags heyrnarlausra við erfiðar aðstæður og hefur sinnt því einstaklega vel og fagmannlega.



# Viðurkenningar félagsins



Félag heyrnarlausra óskaði eftir tilnefningum frá félagsmönnum um einstaklinga sem heiðra ætti fyrir vel unnin störf í heimi heyrnarlausra, á vegum félagsins eða verið sér og samfélaginu til sóma í störfum sínum og gjörðum. Ákveðið var að heiðra þrjá einstaklinga, Guðmund Ingason, Kolbrúnu Völkudóttur og Lailu M. Arnþórsdóttur.

**Guðmundur Ingason** hlaut viðurkenningu vegna þess kjarks og þors sem hann sýndi að standa frammi fyrir alþjóð og segja sína sögu. Breiðavíkurmálið og vinna vistheimilisnefndar hefur verið mikið í umræðunni. Í svona stóru og viðkvæmu máli var Guðmundur Ingason sá fyrsti til að opna umræðuna þegar hann sagði sína sögu undir nafni í fjölmiðlum.

**Kolbrún Völkudóttir** hlaut viðurkenningu fyrir frábæra frammistöðu á sviði leiklistar, þar sem hún kom sá og sigraði í aðalhlutverki í finnskri óperu sem vakti heimsathygli hjá samfélagi Döff og víðar. Félag heyrnarlausra er stolt af henni.

**Laila Margrét Arnþórsdóttir** hlaut viðurkenningu þar sem hún hefur starfað hjá Félagi heyrnarlausra í 10 ár. Hlutverk hennar innan félagsins er gríðarlega fjölbreytt og mikilvægt. Sú þjónusta sem hún hefur veitt Döff félagsmönnum er Félagi heyrnarlausra er ómetanlegt. Eins hefur Laila eflt menningu döff og skrifaði m.a. döff leikritið „Viðtalið“ og nú „Tinnu táknmálsálf“ sem hefur verið sýnd við gríðarmiklar vinsældir í barnaþættinum „Stundinni okkar“ í sjónvarpinu, auk fleiri hugmynda sem hún lumar á.

VIÐ STYRKJUM FÉLAG HEYRNARLAUSRA

**Reykjavík**
A. Margeirsson ehf.
AB Varahlutir ehf.
Aða ehf.
Aðal tannsmíðastofan - Íris Bryndís Guðnadóttir
Aðal tannsmíðastofan - klíniskur tannsm.
Allrahanda ehf.
Antiksalan
Arctic trucks ehf
Arion Banki
Arkitektastofan OG ehf
Arkitektastofan Úti og inni sf.
Arkís ehf.
ASK Arkitektar ehf.
Athygli ehf.
Atómstöðin ehf.
Auglýsingastofan Dagsverk ehf.
Austur Indíafélagið
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.
Álnabær ehf.
Áman ehf
Árbæjarapótek ehf.
Árni Reynisson ehf.
Ásfell ehf.
B.K. flutningar ehf.
Bananar ehf
Bandalag Íslenskra Farfugla
Betri bílar ehf.
Bílaleigan AKA ehf.
Bílasala Guðfinns
Bílasmiðurinn hf.
Bílastöðin
Bílaverkstæði Jóns T. Harðarssonar
björninn ehf
Blaðamannafélag Íslands
Blindrafélagið
Booztbar/Ísbar
Borgarholtsskóli v Bókasafns
Bókasafn Menntavísindasviðs H.Í.
Bókhaldsþjónusta Gunnars ehf.
Bókhaldsþjónustan Viðvik ehf.
Brynja ehf. verslun
BSRB
Byggingafélag Gylfa og Gunnars hf.
Byggingafélagið Þumall ehf.
Dalbær sf.
Danica sjávarafurðir ehf.
Dansrækt J.S.B.
Domus Medica
Dvalar og hjúkrunarheimilið Grund
Dyrasímaþjónusta Gests - Sími 893 2329
E. Wang Tannlækningar ehf.
Efling stéttarfélag
Efnalaugin Björg
Eignamiðlunin ehf.
Eignaskipting ehf.
Ellen Ingvadóttir lögg. dómtúlkur og skjalþýðandi
Endurvinnslan hf.
Eureka Golf ehf - Edwin R Rögnvaldsson
Eyrir Fjárfestingafélag ehf.
F&F Kort ehf.
Fakta ehf.
Farmanna- og fiskimannasamband Íslands
Faxaflóahafnir
Felgur-smiðja ehf.
Félag bókagerðarmanna
Félag íslenskra bifreiðaeigenda
Félag íslenskra hljómlistarmanna
Félag Skipstjórnarmanna
Félagsbústaðir hf.
Fjallamenn ehf.
Fjölskylduþjónusta kirkjunnar
Flugleiðir frakt
Fótoval ehf.
Fraktflutningar ehf.
Fróðhús ehf.
Frumherji hf.
Fönix ehf
Garðsapótek
Gjögur hf.
Gleraugnaverslunin Sjón ehf.
Grásteinn ehf.
Grensáskirkja
Guðmundur Jónasson ehf.
Gull & silfur hf.
Gullsmiðurinn í Mjódd
Gunnar Eggertsson hf.
Gúmmívinnustofan SP
Hafgæði sf.
Hamborgarabúlla Tómasar ehf
Hamborgarabúlla Tómasar Geirsgötu ehf
Háfell ehf.
Hársnyrtistofan Aida
Háteigsskóli
heyrnartækni ehf.
HGK ehf.
Hið íslenska biblíufélag
Hjálpræðisherinn á Íslandi
HM Bókhald ehf
Hollt og Gott ehf.
Hreinsibílar ehf.
Hreyfill
Hreyfimyndasmiðjan ehf.
Hrímfaxi ehf
Hugsa sér ehf.
Höfðakaffi ehf.
Icefin ehf.
Iceland Seafood ehf
Iðjuþjálfafélag Íslands
IÐNÓ
Iðntré ehf.
Ingibjörg ehf.
Ingileifur Jónsson ehf
Ingimundur hf.
INOX ehf
Intrum á Íslandi ehf.
Iselekt hf.
Isoft ehf.
Ímynd ehf.
Íslandsbanki hf.
Íslandsfundir ehf.
Íslenska auglýsingastofan
Íþróttafélagið Fylkir
J.K. Bílasmiðja hf.
Jeppaþjónustan - Breytir ehf.
JGG ehf.
Jón Ásbjörnsson hf. heildverslun
Jón Sigmundsson Skartgripaverslun hf.
K. Pétursson ehf.
Kaffi Sólon
Kaffibarinn ehf.
Katla - Eðal hf.
Kaþólska kirkjan á Íslandi
Kerfisþróun Ísland ehf.
Kjaran ehf.
Kjörgarður, Laugavegi 59
Knattspyrnusamband Íslands
KOM Almannatengsl
Kópsson ehf
Kraftur hf.
Kristján Þ. Haraldsson
Krydd og Kavíar ehf.
Kúlan söluturn, vidoleiga og ísbúð
Lagnalagerinn ehf.
Lambafell ehf.
Landsnet hf
Landssamtökin Þroskahjálp
Laugarásvideó ehf.
Láshúsið ehf.
Lindin, kristið útvarp Fm:102,9
Litir og föndur - Handlist ehf.
Loftstokkahreinsun ehf - Sími 567 0882
Lýsing hf.
Löggildir Endurskoðendur ehf.
Lögmannafélag Íslands
Lögmannsstofa Ólafs G. Gústafssonar
Lögmenn Jónas & Jónas Þór sf.
Lögvörn ehf.
Mannréttindaskrifstofa Íslands
Mannvit verkfræðistofa ehf.
Markaðsráð kindakjöts
Martec ehf. - Fiskvinnsluvélar
Málningarþjón. Þórirs J. Einarssonar ehf.
MD Vélar ehf.
MEBA - Magnús E. Baldvinsson sf.
Menntaskólinn í Reykjavík v. bókasafns
Menntaskólinn við Hamrahlíð
Merkismenn ehf.
Mitt bakarí ehf.
Móa - íslensk smyrsl og heilsuvörur -www.moa.is
Múlalundur
Múrþjónusta Braga
Nýi tónlistarskólinn
Nýi ökuskólinn ehf.
Oddgeir Gylfason Tannlæknastofa
Orka ehf.
Ormstunga ehf.
Outcom hugbúnaður ehf.
Ólafur Elíasson
Ósal ehf.
Parlogis hf.
Pelkó ehf.
Penna ehf.
Pipar og salt
Pixel Prentþjónusta ehf.
Pixlar ehf.
Pípulagnaverktakar ehf.
Pjakkus Preladus ehf.
Plúsmarkaðurinn
Hátúni 10b ehf.
PM endurvinnsla ehf.
Polanska slf.
Portfarma ehf.
Potturinn og pannan - Þríeining ehf.
Poulsen ehf.
Prentsmiðjan Oddi hf.
Rafás
Rafha ehf.
Rafskoðun ehf.
Rafstar ehf
Rafsvið sf.
Raförninn ehf.
Rannsóknarþjónustan Sýni hf.
RARIK hf.
Rauðará - Veitingahús
Rauðhetta og úlfurinn



# MP Banki styrkir Félag heyrnarlausra

## *Styrktaraðili félagsins*



*Heiðdís Eiríksdóttir formaður Félags heyrnarlausra og Gunnar Karl Guðmundsson, forstjóri MP banka handsala styrkinn.*

MP Banki veitir árlegan styrk til góðgerðarfélags sem starfsmenn MP Banka velja með skoðanakönnun. Starfsmenn MP Banka hafa ákveðið að styrkur bankans árið 2009 sé veittur Félagi heyrnarlausra í tilefni af 50 ára afmæli félagsins. Styrkurinn nemur tveimur milljónum króna.

Félag heyrnarlausra sem sinnir mikilvægu starfi fyrir stóran hóp heyrnarlausra á öllum aldri, á sér langa sögu og fyrir félaginu lágu stór verkefni þegar félagið hélt upp á 50 ára afmæli sitt í febrúar 2010. Styrknum fylgir hvatning til félagsins og liðsstyrkur til að sinna af krafti félagsstarfi og fræðslu fyrir heyrnarlausa á öllum aldri á afmælisárinu. Félag heyrnarlausra veitti styrknum viðtöku í félagsheimili sínu og þakkaði MP Banka stuðninginn sem kemur sér einkar vel í því víðtæka starfi sem félagið heldur um.

MP Banki hefur birt nafn bankans á táknmáli á forsíðu sinni. Þetta nafn var búið til að stjórnarmönnum Félags heyrnarlausra sem þakklætisvottur fyrir stuðning bankans.

Oftast þegar tákn eru samin á táknmáli um staðarheiti, nöfn fólks, dýra, stofnana eða fyrirtækja þá er reynt að finna einhver sérkenni við það sem gefa á nafn. Þegar MP Banka var gefið nafn þá leitaði strax hugur til stofnanda bankans sem er Margeir Pétursson, stórmeistari í skák. Var framsetning nafnsins þannig að hendin myndar 4 fingur fram sem er M á táknmáli og þumallinn leggst neðst ofan á löngutöng sem þýðir P á táknmáli. Í sömu andrá keyrir úlnliðurinn fram alveg eins og verið sé að tefla fram skákmanni á taflborði.

Þetta þykir mjög táknrænt lógó og um leið einfalt og fallegt. Óskum við í Félagi heyrnarlausra MP Banka til hamingju með nafnið og óskum um leið bankanum velfarnaðar í framtíðinni og þökkum veittan fjárstuðning við starfsemi Félags heyrnarlausra.



FÉLAG HEYRNARLAUSRA

Kærar þakkir til allra þeirra fjölmörgu sem stutt hafa starf Félags heyrnarlausra í gegnum tíðina.

Sérstakar þakkir til þeirra er styrkt hafa útgáfu þessa rits.

VIÐ STYRKJUM FÉLAG HEYRNARLAUSRA

Reki hf.
Reykjaprent ehf.
Reykjavíkurprófastdæmi eystra
Réttingaverkst Bjarna Gunn ehf.
Réttur ehf. - Adalsteinsson & Partners
Rolf Johansen & co. ehf.
Rotary-umdæmið á Íslandi
S.Í.B.S.
Samhjálp félagasamtök
Samiðn
Seljakirkja
SFR - Stéttarfélag í almannaþjónustu
Shalimar
Sigurður I. Halldórsson hdl.
Sigurður L. Viggósson Tannlæknir
Síma- og tölvulagnir ehf.
Sjálfsbjörg
Landssamband Fatlaðra
Sjálfstæðisflokkurinn
Sjóli hf.
Sjómannafélag Íslands
Sjómannaheimilið Örkin
Sjóvá-Almennar tryggingar hf.
Sjóvík ehf
Sjúkraþjálfunin Heil og Sæl ehf.
Skerjaver
Skolphreinsun Ásgeirs
Skólavefurinn ehf. - www.skolavefurinn.is
Skóli Ísaks Jónssonar
Skúlason & Jónsson ehf.
Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins
Smith & Norland hf.
Snurfus slf.
Snyrtisetrið - Húðfegrunarstofa Spesía ehf
Sportbarinn ehf.
Sprinkler-pípulagnir ehf.
Stepp ehf
Stilling hf.
Stjórnhættir ehf.
Strætó bs
Stúdíó Stafn ehf.
Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra
Suzuki umboðið ehf
Svipmyndir
Sýningakerfi ehf.
Sönglist - Söng- og leiklistarskóli
T. ARK teiknistofan ehf
Talnakönnun
Tandur hf.
Tannálfur ss
Tannlæknastofa Birgis Ólafssonar
Tannlæknastofa Björns Þorvaldssonar
Tannlæknastofa Geirs A. Zoega
Tannlæknastofa Jóns Viðars ehf
Tannlæknastofa Kjartans Arnar Þorgeirssonar
Tannlæknastofa Sigríðar Rósu
Tannlæknastofa Sigurjóns Arnlaugsson ehf.
Tannlæknastofa Tómasar Einarssonar
Tannlækningastofa Barkar Thoroddsen
Tannréttingar sf.
Tannsmíðaverkstæðið hf.
Tannsteini ehf.
Teiknivangur, teiknistofa
Tengi ehf.
Tryggingamiðlun Íslands ehf.
Túnverk ehf. - túnþökusala
Úlfarsfell ehf.
Útfararstofa Íslands ehf.
Útflutningsráð Íslands Trade Council of Iceland
Útgerðarfélagið Frigg ehf
Varahlutaverslunin Kistufell ehf.
Verkfræðistofan VIK ehf.
Verkfræðiþj. Guðm. G. Þórarinssonar
Vernd - Fangahjálp .
Verslunin Kiss
Verslunin Rangá sf.
Vélmark ehf. - S:8919933
Við og Við sf.
Vikivaki
Vilhjálmsson sf.
Vífilfell hf.
Víking-hús ehf.
Víkur-ós ehf.
Vínberið
VMB ehf.
Verkfræðiþjónusta
VSÓ ráðgjöf ehf.
Þaktak ehf.
Örninn Hjól ehf.

**Seltjarnarnes**
About Fish Íslandi ehf.
Lög og réttur ehf.
Parketþjónusta - Falleg gólf ehf.
Tannlæknastofa Ragnars Ó. Steinarssonar ehf

Önn Verkfræðistofa ehf.

**Vogar**
Altak ehf. - vélsmiðja
Kvenfélagið Fjóla
V.P. Vélaverkstæðið ehf.

**Kópavogur**
A P Varahlutir - Verslun ehf.
Allianz hf.
Allt mögulegt ehf.
Allt-af ehf.
Arinsmíði A-Ö - Jón Eldon Logason
Ásborg sf.
Baldur Garðarsson ehf.
Bianco Smáralind
Bílar og tjón ehf.
Bílaþvottastöðin Löður ehf.
Bjarni Runólfsson
BJ-verktakar ehf.
Björg Traustadóttir
Bókasafn Kópavogs
Bókun sf. Endurskoðun
DK Hugbúnaður
Eignarhaldsfélagið Farice ehf. - www.farice.is
Fabrik ehf. - Gallerí Fold
Fatahreinsun Kópavogs
Ferðafélagar ehf.
Ferðaskrifstofan Plúsferðir
Ferli ehf.
Félagsþjónusta Kópavogs
Fiskbúðin
Fjölvirki ehf.
Flugfélagið Ernir ehf.
Fríkirkjan Vegurinn
Glans ehf
Goddi ehf.
Gæðabakstur - Ömmubakstur ehf.
H.M. Lyftur hf.
Hefilverk ehf.
Hilmar Bjarnason ehf., rafverktaki
Ingimundur Einarsson ehf.
Íshúsið ehf. - www.ishusid.is
Íslandsspil sf.
Íslandsþrif ehf.
Íslenskt marfang ehf.
Íssel ehf.
Járnsmiðja Óðins ehf.
Jón og Salvar ehf.
Kópavogsbær
Kríunes ehf.
Listgler
Litlaprent ehf.
Lyfja hf.
Lyfjaval - Bílaapótek
Lögmannsstofa SS ehf.
Mannvirkjameistarinn ehf.
Marás vélar ehf.
Modelskartgripir
Nýblóm ehf.
Púst ehf.
Rafbraut ehf.
Rafbreidd ehf.
Rafheimilið ehf.
Rafmiðlun ehf.
RB Bókhald og ráðgjöf
Réttingaverkstæði Jóa ehf.
Rörmenn Íslands
Salargrill - (Nautn ehf.)
Ship Equip
Slot ehf.
Slökkvitækjaþjónustan
Smári söluturn
Smurstöðin ehf. - Dalvegi 16a S: 5543430
Stikuvík ehf.
Byggingarfélag - Elka
Suðurverk hf.
Svansprent ehf.
Tannsmíðastofan sf.
Varmi ehf.
Vélaleiga Auberts
Vídd ehf.
Þorvar Hafsteinsson

**Garðabær**
Árvík hf.
Bær Byggingafélag ehf.
Fjölbrautaskólinn Garðabæ v/Bókasafns
G.H. Ljós ehf.
Garðabær
Garðaflug ehf.
Geislatækni ehf. - Laser-þjónustan
GP. Arkitekter ehf.
H. Filipsson ehf.
Hagráð ehf.
Hannes Arnórsson ehf.
Haraldur Böðvarsson & Co. ehf.
IKEA - Miklatorg hf.
Ísafoldarprentsmiðja ehf.
Leiksvið slf
Mítra ehf.
S.R. Holdings ehf.
Sportís - Cintamani
Sveinn Benediktsson
Tannlæknastofa Engilberts Snorrasonar
TM Mosfell ehf
Vefur ehf.
Vistor hf.
Öryggisgirðingar ehf.



# Landsbanki gefur starfsmönnum sínum músamottu

## *Músamottur með táknmálsstafrófinu*

Í tilefni 50 ára afmælis Félags heyrnarlausra styrkti Landsbankinn félagið um 1,6 milljónir kr. Styrkurinn nýttist til að standa straum af ýmsum menningarviðburðum sem haldnir voru í tilefni af afmælinu. Jafnframt verður styrkurinn nýttur til að efla almennt starf félagsins, þ.á m. félagsstarf á vegum yngsta hóps heyrnarlausra, Litlu puttalinga, sem nýlega var stofnað.

„Félag heyrnarlausra þakkar Landsbankanum kærlega veittan styrk sem mun koma sér vel við að standa veglega að menningarverkefnum í kringum afmælishátíðina sem og í víðtækri og fjölþættri starfsemi félagsins í komandi framtíð," segir Daði Hreinsson, framkvæmdastjóri Félags heyrnarlausra.

Í tilefni af stuðningi Landsbankans við Félag heyrnarlausra fengu allir starfsmenn bankans að gjöf músamottu með táknmálsstafrófinu.



*Þröstur Friðþjófsson markaðs- og fjáröflunarstjóri Félags heyrnarlausra og Óskar Hafnfjörð Auðunsson, markaðsstjóri Landsbankans.*

# Daniel Jensen heiðursfélagi

## *Veitt fyrir óeigingjörn störf í þágu félagsins*



Daniel Jensen er Færeyingur en hefur búið á Íslandi í yfir 50 ár. Hann gekk í skóla í Danmörku og kynntist félögum heyrnarlausra þar. Hann er því vel kunnugur félagsmálum heyrnarlausra. Daniel var varaformaður Félags heyrnarlausra 1965-1966 og varð svo formaður í 6 ár. Þegar Daniel var formaður félagsins var félagslíf félagsins eflt, t.d. með stuttum leikþáttum á táknmáli í félaginu. Þá beitti hann sér fyrir því að félagið fengi myndir á táknmáli frá Norðurlöndum til sýninga á félagssamkomum. Þá var hann áður valinn maður ársins 1981 í Félagi heyrnarlausra. Daniel var gerður að heiðursfélaga í Félagi heyrnarlausra á 50 ára afmæli félagsins fyrir mikil og óeigingjörn störf í þágu þess.

VIÐ STYRKJUM FÉLAG HEYRNARLAUSRA

**Hafnarfjörður**
Blikksmíði ehf.
Byggingafélagið Sandfell ehf.
Bæjarbakarí ehf.
DS lausnir ehf
Fiskverkunin Björg ehf.
Fiskvinnslan Útvík ehf
Fjörukráin ehf.
Gamla Vínhúsið - A. Hansen
Gullfari ehf.
H. Jacobsen ehf.
Hagtak hf.
Hársnyrtistofan Björt
Heiðar Jónsson, járnsmíði
Héðinn Schindler lyftur hf.
Hlaðbær Colas hf.
Hyggir hf.
Hönnunarhúsið ehf.
Iðnskólinn í Hafnarfirði v/ Bókasafns
Jeppahlutir 4X4 ehf.
Kerfi fyrirtækjaþjónusta ehf.
Kjartan Guðjónsson Tannlæknir
Málning og múr ehf.
Músik og sport
Pappír hf.
PON Pétur O. Nikulásson ehf.
Rafal ehf.
Raftaki ehf.
Ráfiskur ehf
Reebok Ísland ehf
Stafræna
Hugmyndasmiðjan ehf.
Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra Reykjanesi
Tannlæknast. Ágústs J. Gunnarssonar
Tækni - Stál ehf
Umbúðamiðlun ehf.
Verkalýðsfélagið Hlíf

**Keflavík**
Bókasafn Reykjanesbæjar
Brunavarnir Suðurnesja
DMM Lausnir ehf
Fjölbrautaskóli Suðurnesja
Grímsnes ehf.
Húsanes ehf.
Íslenska félagið ehf. / Ice group. ltd.
Merkiprent ehf.
Nesprýði ehf
Olsen Olsen
Pelsar hjá Jakobi
Reiknistofa fiskmarkaða hf.
Reykjanesbær
Skipting ehf.
Soho Veisluþjónusta
Sparisjóðurinn í Keflavík
T.S.A. ehf.
Tannlæknastofa Einars Magnússonar ehf
Tómas Tómasson
Triton sf. -
Tannsmíðastofa
Úra- og skartgripaverzlun Georg V. Hannah sf.
Verkfræðistofa Suðurnesja ehf.
Verslunarfélagið Ábót ehf.
Verslunarmannafélag Suðurnesja
Keflavíkurflugvöllur
Fagræsting ehf
Miðnesheiði ehf.

**Grindavík**
Bláa lónið hf.
Eldhamar ehf.
Flutningaþjónusta Sigga ehf.
Grétar Sigurðsson
Grindavíkurbær
Gunnar E. Vilbergsson
Hafsteinn Sæmundsson
Haustak ehf
Marver ehf.
Söluturninn Víkurbraut
Veiðafæraþjónustan ehf.
Veitingastofan Vör
Vísir hf.
Þorbjörn hf.

**Sandgerði**
Fúsi ehf. - Sandblástur
Gróðrastöðin Glitbrá ehf.
Púlsinn námskeið - www.pulsinn.is
Sandgerðisbær

**Garður**
Amp Rafverktaki ehf.
Fiskverkunin Háteigur

**Njarðvík**
Elínborg Þorsteinsdóttir
Netaverkstæði Suðurnesja ehf.
Sigurður Haraldsson ehf.

**Mosfellsbær**
Andrés Arnalds
Garðplöntustöðin Gróandi
Guðný Ívarsdóttir
Gylfi Guðjónsson, ökukennari
Hestaleigan Laxnesi ehf - www.laxnes.is
Husky ehf.
Ingimundur Magnússon ehf.
Ísfugl ehf.
Íshamar Verktakar ehf.
Kjósarhreppur
Matfugl ehf.
Monique van Oosten
Nýja bílasmiðjan hf
Sögumiðlunin ehf.

**Akranes**
A. Haraldsson ehf.
Akraborg ehf.
Apótek Vesturlands ehf.
Bifreiðastöð Þ.Þ.Þ. ehf.
Bjarmar ehf. Vinnuvélar- og verktakar
Borgdal ehf.
Bókasafn Akraness
Bólstrun Gunnars
Fjölskyldustofa
Haukur Sigurbjörnsson ehf.
Hárhús Kötlu
Hreingerningaþjónustan
Jón Árnason sf.
Markstofa ehf.
P.K. lagnir ehf.
Pípulagninga- þjónustan ehf.
Runólfur Hallfreðsson ehf.
Safnsvæðið í Görðum Akranesi
Sjúkraþjálfun Georgs
Smurstöðin Akranesi sf.
Viðskiptaþjónusta Akraness ehf.
Vignir G. Jónsson ehf.

**Borgarnes**
Bókhalds og tölvuþjónustan
Ferðaþjónustan Skorradal
Gæðakokkar ehf.
Gösli ehf.
Landnámssetur Íslands
Langholt ehf. - Baulan
Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi
Sæmundur Sigmundsson ehf.
Tak-Malbik ehf.
Vélaverkstæðið Vogalæk
Víngerðin ehf
Þ.G. Benjamínsson
Þjónustumiðstöðin Húsafelli ehf.

**Borgarfjarðarsveit**
Sólhvörf ehf.
Garðyrkjubýli

**Stykkishólmur**
Rannsóknarnefnd sjóslysa
Sæfell ehf

**Grundarfjörður**
Áningin Kverná
Berg vélsmiðja ehf.
Farsæll ehf.
Grundarfjarðarbær
Hjálmar hf.
Kaffi 59
Kvenfélagið Gleym mér ey
Suða ehf.

**Ólafsvík**
Benjamín Guðmundsson
Búðarkirkja
Fiskiðjan Bylgja hf.
Fiskmarkaður Íslands hf.
Steinunn hf.
Sverrisútgerðin ehf.
Tómas Sigurðsson ehf.
Valafell ehf.

**Hellissandur**
Breiðavík ehf.
Esjar ehf
Félags- og skólaþjón. Snæfellinga
Hraðfrystihús Hellissands hf.
K.G. Fiskverkun ehf
Nónvarða ehf
Vélsmiðja Árna Jóns

**Búðardalur**
Dalabyggð
KM þjónustan

**Ísafjörður**
Fræðslumiðstöð Vestfjarða
Ísafjarðarbær
Kristinn Halldórsson
Tréver sf
Verkstjórafélag Vestfjarða
Þröstur Marsellíusson ehf.

**Hnífsdalur**
Hraðfrystihúsið - Gunnvör hf.

**Bolungarvík**
Bolungarvíkurkaupstaður
Fiskmarkaður Bolungarv. og Suðureyrar ehf.
Glaður ehf.
Jakob Valgeir ehf.
Ráðhús ehf.
Sérleyfisferðir
Sparisjóður Bolungarvíkur
Súðavíkurhöfn
Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur

**Súðavík**
Súðavíkurhreppur

**Flateyri**
Eyraroddi hf.



# Flugslysið í Héðinsfirði

## *Viðtal við Hrein Guðmundsson*

Hreinn Guðmundsson var nemandi í Heyrnleysingjaskólanum í Reykjavík. Í maí mánuði árið 1947 fór hann í sumarfrí til fjölskyldu sinnar sem bjó á Ólafsfirði. Hreinn fór á miðin með föður sínum, Guðmundi Jónssyni sjómanni, á trillunni Torfa.



Þann 29. maí 1947 sigldu þeir út Ólafsfjörðinn og inn í Héðinsfjörðinn þar sem þeir hófu handfæraveiðar. Ýsa og þorskur var uppistaða aflans og það fiskaðist vel. Veðrið var gott þegar feðgarnir lögðu af stað en eins og hendi væri veifað gerði blindaþoku þegar inn í Héðinsfjörðinn var komið. Vegna þokunnar þurftu þeir að láta fyrir berast. Þokan lá þannig að bil var á milli hennar og hafsins, sem var um það bil faðmur að lengd. Skyndilega urðu feðgarnir varir við mikinn hvin og hávaða í loftinu og Hreinn minnist þess hve föður hans brá mikið. Feðgarnir fundu fyrir miklum þrýstingi sem trúlega var frá flugvél sem skall í fjallshlíð í firðinum. Hreinn minnist þess að faðir hans bað hann um að leggjast niður í trilluna, því næst leit Hreinn upp fyrir borðstokkinn og sá risavaxinn hlut skella niður í hafið sem að öllum líkindum var hreyfill flugvélar. Krafturinn og hávaðinn var mjög mikill þegar á þessu stóð og brak frá flugvélinni féll í sjóinn í kringum trilluna. Augnabliki seinna var allt aftur hljótt og hafið varð spegilslétt á ný. Feðgarnir þurftu enn að bíða eftir að þokunni létti en við fyrsta tækifæri sigldu þeir til baka til Ólafsfjarðar.



Þegar þangað var komið, sendi faðir Hreins hann beint heim og fór sjálfur að tilkynna um slysið á pósthúsi staðarins. Hreinn gat ekki útskýrt fyrir fólkinu heima hvað hafði gerst en hann gerði sér grein fyrir því að eitthvað alvarlegt hafði gerst þegar hann sá svipbrigði og viðbrögð fólksins þegar faðir hans kom heim. Það var ekki fyrr en áratugum seinna að Hreinn las í Lesbók Morgunblaðsins frásögn af þessu slysi að hann gerði sér grein fyrir því hvað hafði raunverulega gerst þennan örlagaríka dag 29. maí 1947.

# Svarta fortíðin kvödd með svörtum blöðrum

## *Forsætisráðherra afhent áskorun félagsins*



Þann 8. september 2009 skilaði vistheimilisnefnd áfangaskýrslu um starfsemi Heyrnleysingjaskólans á árunum 1947-1992, stúlknaheimilisins Bjargs 1965-1967 og Kumbaravogs árin 1965-1984. „Niðurstöður nefndarinnar og í Breiðavíkurmálinu benda til þess að þarna hafi verið vandamál, að sumu leyti kerfislegt vandamál varðandi eftirlitsskort með þeim börnum sem eru vistuð á þessum stofnunum. Það er mjög gjarnan þannig að um er að ræða innbyrðis samskipti þeirra sem eru óeðlileg og hafa haft neikvæð áhrif á líðan þeirra til framtíðar,“ sagði Róbert Spanó formaður nefndarinnar á blaðamannafundi vegna skýrslu nefndarinnar.

Skýrslan er byggð á gagnasöfnun og viðtölum við tugi vistmanna. Í Heyrnleysingjaskólanum er kennslustefna talin hafa haft neikvæð áhrif á framtíð barnanna. Hópurinn hafi orðið félagslega einangraður og menntunarstig lægra. Í skólanum hafi eftirlit verið bágborið og líklegt að börn hafi orðið fórnarlömb kynferðislegs áreitis eða ofbeldis af hálfu samnemenda, starfsmanna eða utanaðkomandi. Nefndin telur engum vafa undirorpið að þessi aðstaða hafi átt verulegan þátt í að skerða lífsgæði þessara einstaklinga í íslensku samfélagi.

**Yfirlýsing frá félaginu**

Sama dag sendi Félag heyrnarlausra frá sér yfirlýsingu þar sem lýst var yfir ánægju með skýrslu nefndar um vist- og meðferðarheimili þar sem m.a. er fjallað um starfsemi Heyrnleysingjaskólans á árunum 1947–1992.
Í yfirlýsingunni segir, að það sé afar mikilvægt fyrir samfélag heyrnarlausra að fram sé komin niðurstaða opinberrar rannsóknar á dvöl heyrnarlausra barna í Heyrnleysingjaskólanum. Áður hafi fulltrúar félagsins vakið athygli stjórnvalda á frásögnum fyrrum nemenda við skólann og óskað eftir aðgerðum stjórnvalda til að upplýsa um málið. Þrátt fyrir þungbæra reynslu fyrrum nemenda við skólann sé það ákveðinn léttir, að fram sé komin opinber staðfesting á frásögnum þeirra, frásögnum sem um hafi ríkt þögn.
„Félag heyrnarlausra hvetur stjórnvöld til að fara að tillögum nefndar um vist- og meðferðarheimili þess efnis að tekin verði skýr efnisleg afstaða til framkominna tillagna um úrbætur í málefnum heyrnarlausra sem raktar eru í skýrslunni. Þá hvetur Félag heyrnarlausra stjórnvöld til að standa vörð um réttindi og þátttöku heyrnarlausra í íslensku samfélagi,“ segir m.a. í yfirlýsingunni.

**Skýrslan kynnt í félaginu**

Nokkrum dögum síðar voru niðurstöður úr skýrslu um kaflann um Heyrnleysingjaskólann kynntar af Róbert Spanó formanni vistheimilisnefndar, félagsmönnum í Félagi heyrnarlausra. Þá gafst félagsmönnum tækifæri að spyrjast nánar fyrir um skýrsluna.

**Svarta fortíðin kvödd**

Þann 2. október 2009 hittust heyrnarlausir og aðstandendur þeirra fyrir framan Stjórnarráðið klukkan 11. Félag heyrnarlausra stóð fyrir viðburðinum. Berglind Stefánsdóttir aðstoðarskólastjóri Hlíðaskóla sem var fulltrúi Félags heyrnarlausra afhenti Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra, áskorun frá Félagi





heyrnarlausra sem Berglind las upp. Í áskorun stóð að „Félag heyrnarlausra lýsir ánægju með að skýrsla vistheimilisnefndar sem skipuð var af forsætisráðuneytinu hefur verið gerð opinber. Félagið skorar á forsætisráðherra að fylgja fast eftir þeim niðurstöðum sem koma fram í skýrslunni og minnir á að enn er óbættur sá miski sem nemendur urðu fyrir við dvöl sína í Heyrnleysingjaskólanum.“ Síðan sagði Berglind: „Og núna viljum við horfa til framtíðar og þessar blöðrur eru tákn um þann svarta blett sem hefur verið á sögu heyrnarlausra. Með því að lyfta þeim til lofts viljum við kveðja fortíðina og horfa björtum augum fram á veginn“. Svo bað hún Jóhönnu Sigurðardóttir forsætisráðherra að sleppa fyrstu blöðrunni við stjórnarráðið í dag. Jóhanna sagðist taka áskorun Félags heyrnarlausra fagnandi og hét því að ríkisstjórnin myndi gera allt sem í hennar valdi stæði til að hrinda tillögum nefndarinnar í framkvæmd. Fleira fólk sem var á staðnum sleppti svörtum blöðrum sem tákni um að verið væri að kveðja þá svörtu fortíð sem margir nemendur eiga tengda skólanum.

Í desember 2009 ákvað ríkisstjórnin að koma upp framkvæmdanefnd í málefnum heyrnarlausra og heyrnarskertra sem verður sagt frá annars staðar í blaðinu.





# Framkvæmdanefnd í málefnum Döff

## *Hefur starfað síðan í febrúar 2010*

Í desember 2009 samþykkti ríkisstjórnin tillögu mennta- og menningarmálaráðherra um að sett verði á fót framkvæmdanefnd um málefni heyrnarlausra og heyrnarskertra. Málefni heyrnarlausra og heyrnarskertra falla undir málefnasvið þriggja ráðuneyta, mennta- og menningarmálaráðuneytis, félags- og tryggingamálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis. Ábyrgð á þjónustu við þennan hóp hefur verið dreifð í stjórnsýslunni og ítrekað komið fram ábendingar um skort á samhæfingu um framkvæmd þjónustunnar.

Undir heilbrigðisráðuneytið heyrir Heyrnar- og talmeinastöð og undir mennta- og menningarmálaráðuneyti fellur Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra og á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytis og félagsmálayfirvalda er veitt margskonar þjónusta m.a. á grundvelli laga um málefni fatlaðra. Vegna málaflokksins renna ennfremur fjármunir úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Sveitarfélög bera ábyrgð á skólagöngu heyrnarlausra og heyrnarskertra nemenda í leik- og grunnskóla og þjónustu við þá en ríkið vegna náms í framhaldsskóla og sérhæfðari greiningar- og sérfræðiþjónustu.

Framkvæmdanefndin starfar undir forystu mennta- og menningarmálaráðuneytis með fulltrúum frá félags- og tryggingamálaráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg og Félagi heyrnarlausra. Ráðinn var sérstakur verkefnisstjóri sem starfar með framkvæmdanefndinni. Í desember 2009 var óskað eftir fulltrúa frá Félagi heyrnarlausra til að sitja í framkvæmdanefnd um málefni heyrnarlausra. Heiðdís Dögg Eiríksdóttir var skipuð fulltrúi fyrir hönd Félags heyrnarlausra og Guðmundur Ingason til vara. Framkvæmdanefnd tók til starfa þann 27. febrúar 2010. Á fyrsta fundinum sátu fulltrúar frá heilbrigðisráðuneyti, félags- og tryggingamálaráðuneyti, mennta- og menningaráðuneyti, sambandi íslenskra sveitafélaga ásamt fulltrúa frá Félagi heyrnarlausra og enginn þeirra með mikla þekkingu um þarfir Döff. Eftir þennan fund vannst góður sigur, þrýst var á að fá fleiri fulltrúa inn sem þekktu til málefna Döff eða skipta út fulltrúum. Guðmundur Ingason, Helgi Garðar Garðarsson og Valgerður Stefánsdóttir voru skipuð inn. Einnig fékk Félag heyrnarlausra auka fulltrúa og var Júlía Guðný Hreinsdóttir skipuð inn fyrir hönd þess.

Nefndin er þannig skipuð, Ragnheiður Bóasdóttir, formaður, án tilnefningar, Guðmundur Ingason, tilnefndur af félags- og tryggingamálaráðuneyti, Heiðdís Dögg Eiríksdóttir, tilnefnd af Félagi heyrnarlausra, Helgi Garðar Garðarsson, tilnefndur af heilbrigðisráðuneyti, Júlía Hreinsdóttir, tilnefnd af Félagi heyrnarlausra, Tómas Jónsson, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Valgerður Janusdóttir, tilnefnd af Reykjavíkurborg og Valgerður Stefánsdóttir, án tilnefningar. Hrönn Pétursdóttir er verkefnisstjóri nefndarinnar.

Hlutverk nefndarinnar er að greina stöðu heyrnarlausra og heyrnarskertra, m.a. á grundvelli fyrirliggjandi gagna og stefnumótandi álits um stöðu táknmálsins og að kortleggja stöðu heyrnarlausra og heyrnarskertra. Nefndin skal koma með tillögur að framtíðarfyrirkomulagi í samhæfðri þjónustu við heyrnarlausa og heyrnarskerta einstaklinga í landinu og leggja til til nauðsynlegar lagabreytingar.

Rammi verkefnisins er að vinna með stöðu, þarfir og þjónustu við þá 10.000 einstaklinga sem þurfa aðstoð vegna heyrnarskerðingar. Döff einstaklingar er sá hópur sem settur verður í forgang vegna bráðaþarfa þeirra í dag, en tillögur gerðar um framtíðarfyrirkomulag sem yrði útvíkkað til að nýtast hinum einstaklingunum sem einnig þurfa aðstoð vegna heyrnarskerðingarinnar. Aðferðafræði vinnunar er víðtækt samráð frá upphafi um mat á stöðu og gerð tillagna um grunn framtíðarfyrirkomulags.

Í aðdraganda vinnu vegna framkvæmdanefndarinnar var hrint af stað bakhjarlahóp í Félagi heyrnarlausra og sitja í því margir fulltrúar sem hafa hist reglulega, á eins til tveggja vikna fresti í mars og í apríl til að greina þarfir Döff.

Stór vinnufundur var haldinn í Kríunesi þann 15. apríl, sem 45 fulltrúar tóku þátt í. Flestir fulltrúar tengdust heyrnarlausum og heyrnarskertum á einn eða annan hátt í starfi. Samtals voru 11 heyrnarlausir og heyrnarskertir á vinnufundinum.

Afrakstur allra þessara funda er að framkvæmdanefndin mun skila inn tillögum til ríkisstjórnar eftir að hafa kortlagt þjónustuþarfir Döff. Í upphafi var gert ráð fyrir að nefndin ljúki störfum í lok júní og tillagan um framtíðarfyrikomulag verði tilbúin þá. Allir í nefndinni vilja skila vel unni vinnu af sér og það er ekki hægt að skila verkefninu í júní. Nefndin vill starfa áfram á haustmánuðum og hefur sent beiðni til ráðherranna um lengri vinnutíma, sem sagt fram að áramótum ásamt því að koma af stað litlum vinnuhópum í haust til að skoða ákveðin málefni nánar. Það mun skýrast nánar í haust.

Þegar nefndin hefur skilað af sér tillögu um framtíðarkomulag, má gera ráð fyrir að í kjölfar þess að hafist verði handa við framkvæmd hennar. Sumt sem fyrirkomulagið nær til gerist hratt, annað getur tekið einhver ár að skila sér. Miklar vonir eru bundnar við að þessi vinna muni skila sér til allra Döff í samfélaginu.



# Margir táknmálstúlkar starfandi að sama verkefni

## *Nær allir táknmálstúlkar túlkuðu á vinnufundi*





Vinnufundur í málefnum heyrnarskertra og heyrnarlausra var haldinn í Kríunesi frá kl. 8:30 til 18:00 fimmtudaginn 15. apríl. Þar sem margir Döff tóku þátt í vinnufundinum voru níu táknmálstúlkar að störfum í heilan dag. Þess má geta að tveir rittúlkar voru einnig á fundinum.

Þetta er í fyrsta sinn sem svona margir táknmálstúlkar hafa unnið á sama tíma að einu verkefni. Til þess að hægt væri að fá táknmálstúlka til að túlka fyrir Döff í svo mikilvægu verkefni var þess farið á leit við nemendur í skólum sem áttu pantaða táknmálstúlka þann dag, að gera ekki kröfu um faglærða táknmálstúlka. Það leit út fyrir að skólatúlkun myndi falla niður vegna þessa. Á endanum tóku þó túlkanemar í Háskóla Íslands að sér skólatúlkun allan daginn. Auk þess voru þrír túlka-nemar að túlka fyrir Döff í matarhléi í Kríunesi.

Í þakklætisskyni heimsótti Valgerður Stefánsdóttir forstöðurmaður Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra nemana í Háskólann og færði þeim konfektkassa og bókina Saga heyrnarlausra á Íslandi sem gjöf frá Félagi heyrnarlausra.

Félag heyrnarlausra vill líka þakka öllum sem gerðu Döff á vinnufundi kleift að nýta sér faglærða táknmálstúlka svo vinnufundurinn nýttist betur fyrir Döff.


FÉLAG HEYRNARLAUSRA

## Salur til leigu

Félag heyrnarlausra er með glæsilegan sal til leigu ef þig vantar sal fyrir veislu eða annað tilefni. Salurinn rúmar allt að 60 gesti til borðs og er útbúinn eldhúsi til upphitunar og undirbúnings á mat og öðrum veitingum. Salurinn hentar fyrir hverskyns veislur, fundi, móttökur, ráðstefnur o.fl.

Upplýsingar um salinn og bókanir í síma 561-3560 eða á deaf@deaf.is

VIÐ STYRKJUM FÉLAG HEYRNARLAUSRA

**Patreksfjörður**
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði
Nanna ehf.

**Tálknafjörður**
Bókhaldsstofan Tálknafirði
Gistiheimilið Bjarmalandi ehf.
Særöst ehf.
Þórsberg ehf.

**Þingeyri**
Brautin sf.
RKÍ Dýrafjarðardeild
Svalvogar ehf.

**Brú**
Bæjarhreppur

**Hólmavík**
Héraðssamband Strandamanna
Kaupfélag Steingrímsfjarðar

**Norðurfjörður**
Hótel Djúpavík ehf.

**Hvammstangi**
Húnaþing vestra
Kvenfélagið Iðja
Selasetur Íslands ehf. - www.selasetur.is
Steypustöð Hvammstanga
Tannlæknastofan Hvammstanga
Veitingaskálinn Víðigerði
Villi Valli ehf.

**Blönduós**
Grettir sf, Fjölritunarstofa
Heiðar Kr. ehf
Húnavatnshreppur
Stéttarfélagið Samstaða

**Skagaströnd**
Kvenfélagið Hekla
Skagabyggð
Sveitafélagið Skagaströnd
Trésmíðaverkstæði Helga Gunnarssonar
Vélaverkstæði Skagastrandar
Vík ehf.

**Sauðárkrókur**
Bókhaldsþjónusta K.O.M. ehf.
Héraðsbókasafn Skagfirðinga
Hlíðarkaup ehf.
Hótel Tindastóll - Norðar ehf
Kaupfélag Skagfirðinga
Skagafjarðarveitur ehf.
Skinnastöðin ehf.
Steinull hf.
Stoð ehf - verkfræðistofa
Útgerðarfélagið Sæfari ehf.
Útvíkurfélagið ehf.
Verslun Haraldar Júlíussonar
Verslunarmannafélag Skagafjarðar

**Varmahlíð**
Akrahreppur - Skagafirði
Lambeyri ehf.
Langamýri fræðslusetur
Ómar Bragason

**Hofsós**
Vesturfarasetrið - www.hofsos.is

**Fljót**
Fáskrúðsfjarðarkirkja
Kvenfélagið Framtíðin

**Siglufjörður**
Allinn ehf. - Sportbar

**Akureyri**
ÁK Smíði ehf.
Ásbyrgi - Flóra ehf.
Bautinn
Blikkrás ehf.
Bókaútgáfan Tindur - www.tindur.is
Bókhaldsþjónusta Birgis Marinóssonar
Café Karólína Grófagili
Dregg ehf.
Eldvarnarmiðstöð Norðurlands ehf.
Félag málmiðnaðarmanna Akureyri
Félagsbúið Hallgilsstöðum
Flokkun Eyjafjörður ehf
Gúmmívinnslan ehf
Húsprýði sf.
Index tannsmíðaverkstæði ehf.
India Karry kofi ehf.
Kjarnafæði hf.
Lostæti ehf.
Malbikun KM
Menntaskólinn á Akureyri
Menntasmiðjan á Akureyri
Norðurorka
Plastiðjan Bjarg - Iðjulundur
Pólarhestar ehf
Raftákn ehf.
Samherji hf.
Samson ehf.
Sigríður Bergvinsdóttir
Sjómannablaðið Víkingur
Sjúkrahúsið á Akureyri
Tannlæknahúsið sf.
Tannlæknastofa Ragnheiðar Hansdóttur
Verkval ehf
Vélsmiðja Steindórs hf.
Vélsmiðjan Ásverk ehf.

**Grenivík**
Jói ehf.
Pharmarctica ehf

**Dalvík**
B.H.S. ehf, bíla- og vélaverkstæði
Ektafiskur
G. Ben. Útgerðarfélag ehf.
Gistihúsið Skeið www.thule-tours..is
Hýbýlamálun
Promens Dalvík ehf.
Saga Árnadóttir

**Ólafsfjörður**
Freymundur ehf.
Heilsugæslustöðin Hornbrekka
Norlandia ehf.

**Hrísey**
Veitingahúsið Brekka ehf.

**Húsavík**
Ferðaþjónustan Hafralæk
Fjallasýn - Rúnars Óskarssonar ehf.
Gistiheimilið Sigtún ehf
Höfðavélar ehf
Lindi ehf.
Skóbúð Húsavíkur
Tjörneshreppur
Trésmiðjan Rein ehf.
Vermir sf.
Öryggi ehf.

**Laugar**
Norðurpóll ehf.

**Reykjahlíð**
Eldá ehf.
Jón Árni Sigfússon
Kvenfélag Mývatnssveitar
Mývatnsmarkaður ehf.

**Kópasker**
Rifós hf.

**Raufarhöfn**
Önundur ehf.

**Þórshöfn**
Geir ehf.
RKÍ Þórshafnardeild

**Svalbarðshreppur**
Trésmiðjan Brú

**Vopnafjörður**
Arnarvatn ehf.
Sláturfélag Vopnfirðinga
Verktakafyrirtækið Ljósaland ehf.
Vopnafjarðarhreppur

**Egilsstaðir**
Bílamálun Egilsstöðum ehf
Fljótsdalshérað
Gistiheimilið Eyvindará ehf.
Gistihúsið Egilsstöðum
Hitaveita Egilsstaða og Fella
Menntaskólinn á Egilsstöðum
Miðás hf.
Skógrækt ríkisins
Skrifstofuþjón. Austurlandsehf.
Trésmiðja Guðna Þórarinssonar
Verkfræðistofa Austurlands hf.
Verslunin Skógar ehf.
Vísindagarðurinn ehf.
Þekkingarnet Austurlands ses.

**Seyðisfjörður**
Jón Hilmar Jónsson - Rafverktaki
Seyðisfjarðarkaupstaður
Seyðisfjarðarkirkja

**Reyðarfjörður**
Launafl ehf.
Skólaskrifstofa Austurlands

**Eskifjörður**
Bókabúðin Eskja
Egersund Ísland ehf
Fiskmarkaður Austurlands hf.
Fjarðaþrif ehf.
Héraðssjóður Austfjarðaprófastsdæmis
R.H. Gröfur ehf.

**Neskaupstaður**
Árni Sveinbjörnsson
Rafgeisli Tómas R. Zoéga ehf.
Síldarvinnslan hf.



# Á Íslandi ríkir meira jafnrétti

## *Viðtal við Leszek og Agneszka*



Það var 22. september 2006 sem Leszek og Agneszka komu fyrst til Íslands. Adam bróðir Agneszku hafði sagt þeim að hér væri gott að búa og auðvelt að fá vinnu svo þau ákváðu að freista gæfunnar og flytja til Íslands. Agneszka hóf störf í Ísfiski á sama vinnustað og bróðir hennar, en Leszek fékk vinnu við að bera út Fréttablaðið. Ári síðar fékk Agneszka vinnu í sælgætis-verksmiðjunni Freyju og á sama tíma fékk Leszek starf í fyrirtækinu „Hurðir og gluggar“ í Hafnarfirði.

Leszek og Agneszka eru mjög ánægð með lífið á Íslandi og vilja búa hér á landi til frambúðar. 4. apríl sl. eignuðust þau sitt fyrsta barn, stúlku sem nefnd hefur verið Amelia. Agneszka lætur vel af heilbrigðisþjónustunni hér á landi og fannst hún vera í góðum höndum alla meðgönguna.
Þeim ber saman um það að á Íslandi ríki meira jafnrétti á milli heyrandi og heyrnarlausra heldur en í Póllandi og eru þau bjartsýn og jákvæð á framtíð litlu stúlkunnar á Íslandi. Leszek er lærður málmsmiður en hann er mjög fær þegar kemur að smíðavinnu þar sem hann dvaldi löngum stundum á smíðaverkstæði afa síns í Póllandi og lærði margt af honum. Sú reynsla hefur nýst vel í nýja starfinu hans. Hvernig listasmiður Leszek er, sést best á myndinni hér fyrir neðan en rúmið hefur hann smíðað í frítíma sínum handa barni sínu. Vinnufélagar hans eru sammála um það að rúmið sé hin mesta listasmíð, og því er óhætt að segja að frum-burðurinn eigi eftir að sofa vel.

Þeim hjónum langar að læra meira í íslensku og þá helst að skrifa og lesa og hafa hug á því að komast á námskeið eða í skóla í framtíðinni. Á þeim er ekkert farasnið og vilja þau setjast hér að. Koma nýbúa til landsins er kærkomin og koma þeir með skemmtilega og nýja menningarstrauma inn í samfélag heyrnarlausra.





# Foreldramorgnar í Félagi heyrnarlausra

## *Félagsstarf annan hvern miðvikudag*

Það var í byrjun árs 2010 að nokkrar hressar nýbakaðar mæður fengu þá frábæru hugmynd að vera með foreldramorgna í Félagi heyrnarlausra. Það var svo í febrúar 2010 að hópurinn hittist í fyrsta skipti.

Það var ánægjulegt að sjá hversu vel var mætt og skemmtilegt lítið smáfólk kom með hressilegan blæ til okkar hér í félagið annan hvern miðvikudag. Foreldrar ræddu málin og fengu sér kaffi á meðan börnin léku sér.

Allir foreldrar í Félagi heyrnarlausra eru hjartanlega velkomnir á foreldramorgna sem haldnir eru eins og fyrr segir annan hvern miðvikudag.

Það verður ánægjulegt að fylgjast með þessu áhugaverða starfi og sjá það dafna í framtíðinni og þá sérstaklega núna þegar félagsaðstaðan er orðin jafn góð og raun ber vitni.








ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

hti

Heyrnartækni

íslenskt grænmeti
ÞÚ VEIST HVAÐAN ÞAÐ KEMUR




# Skrifaði meistararitgerð sem vakti athygli

## *Viðtal við Kristinn Jón Bjarnason*



Kristinn Jón Bjarnason skrifaði meistararitgerð um áföll, áfallastjórnun og upplýsingamiðlun á áfallatímum í júní 2009 og útskrifaðist hann með M.Sc. próf í stjórnun og stefnumótun frá viðskiptafræðideild Háskóla Íslands.

Kristinn Jón segir að í ritgerðinni sé fjallað um áfallastjórnun almennt, þar sem fram kemur að flest fyrirtæki geta búist við því að verða fyrir áföllum. Ætlunin með ritgerðinni er að stuðla að auknum skilningi og þekkingu á hugtakinu áfallastjórnun í fyrirtækjum. Þá var gerð rannsókn þar sem rannsökuð voru hátt í 300 stærstu fyrirtækin á Íslandi m.t.t. áfallastjórnunar.
Kristinn Jón segir að helstu niðurstöður rannsóknarinnar séu að flestir töldu fyrirtæki sitt hafa orðið fyrir áfalli á síðustu fimm árum og margir töldu líklegt að það gæti orðið fyrir áföllum á næstu fimm árum. Stjórnendur fyrirtækja telja mikilvægt að fyrir liggi áfallaáætlun og yfir helmingur þátttakenda telur nauðsynlegt að auka þurfi þekkingu um áfallastjórnun.

Í nýjasta tölublaði viðskiptatímaritsins Frjálsrar verslunar var tekið viðtal við Kristinn um ritgerðina og var ritgerðin sett í samhengi við bankahrunið og þær náttúruhamfarir sem hafa orðið að undanförnu.

Kristinn Jón var mjög ánægður með námið í Háskóla Íslands og segir að þar hafi allir tekið vel á móti honum og námið hafi gengið mjög vel. Í skólanum er fastráðinn táknmálstúlkur en hann sér um að túlka og skipuleggja túlkun í skólanum sem og kynningarmál. Í Háskólanum voru nokkrir heyrnarlausir og heyrnarskertir nemendur í námi sem þurftu á túlkun í fyrirlestrum eða öðru, t.d. fundarsetu.

Kristinn hlaut nýlega styrk úr þróunarsjóði innflytjendamála sem Árni Páll Árnason, félags- og tryggingamálaráðherra úthlutaði fyrir rannsóknina „Heyrnarlausir nýbúar á Íslandi". Í rannsókninni verður kannað hvernig Döff innflytjendur hafa tekist á við að aðlagast lífinu á Íslandi. Þróunarsjóður innflytjendamála var stofnaður í mars 2007 í þeim tilgangi að efla rannsóknir og þróunarverkefni á sviði málefna innflytjenda. Markmiðið er að auðvelda innflytjendum aðlögun að íslensku samfélagi og gera samfélaginu betur kleift að koma til móts við þá. Skýrslan verður kynnt í Félagi heyrnarlausra í lok ágúst 2010.

Meistararitgerð Kristins má sjá á slóðinni: http://skemman.is/handle/1946/2567



VIÐ STYRKJUM FÉLAG HEYRNARLAUSRA

**Fáskrúðsfjörður**
Jóhannes Jóhannesson
Loðnuvinnslan hf

**Breiðdalsvík**
Bókasafn
Breiðdalshrepps
Hákon Hansson

**Höfn**
AFL-Starfsgreinafélag
Ferðaþjónustan Gerði
Iceland Pelagic ehf.
Menningarmiðstöð
Hornafjarðar
Skinney - Þinganes hf.
Sveitarfélagið
Hornafjörður
Þrastarhóll ehf.

**Selfoss**
Árþing ehf.
Bakkaverk ehf.
Bifreiðaverkstæðið Klettur ehf.
Bjarkarhóll ehf.
Búnaðarfélag
Grafningshrepps
Byggingarfélagið Árborg ehf.
Dýralæknaþjónusta
Suðurlands ehf
Esekiel ehf
Flóahreppur
Fossvélar ehf.
Fræðslunet Suðurlands
Græni hlekkurinn
Guðnabakarí ehf. Café
konditori
Hitaveita frambæja
Icecool á Íslandi ehf
Jeppasmiðjan ehf.
Kaffi Klettur
Lagnaþjónustan ehf.
Litli Jón ehf. (Hrói Höttur)
Múr og Smíði ehf
Nesey ehf.
Pípulagnir Helga ehf.
Pylsuvagninn ehf.
Rafmagnsverkstæði Jens
og Róberts
Ræktunarsamband Flóa
og Skeiða
Skeiða og Gnúpverjahreppur
Stokkar og steinar-www.
simnet.is/stokkarogsteinar
Toyota Selfossi - Bílasala
Suðurlands ehf.
Tækniþjónusta
Suðurlands ehf

Veitingastaðurinn Menam ehf.
Þjónustumiðstöðin
Þingvöllum

**Hveragerði**
BP Skrúðgarðar ehf
Heilsustofnun N.L.F.Í.
Hveragerðiskirkja
Tannlæknastofa Þórðar B. ehf

**Þorlákshöfn**
Bæjarbókasafn Ölfus
Fagus ehf.
Hafnarvogin
Járnkarlinn ehf.

**Stokkseyri**
Durinn ehf. - www.durinn.is
Eggert og Pétur ehf
Kvenfélag Stokkseyrar

**Laugarvatn**
Laugarvatn ehf.

**Flúðir**
Flúðasveppir ehf.

**Hella**
Ásahreppur
Verkalýðsfélag Suðurlands
Vörufell

**Hvolsvöllur**
Árni Valdimarsson
Kvenfélagið Bergþóra í
Landeyjum
Kvenfélagið Freyja
Vörubílstjórafélagið Fylkir

**Vík**
Mýrdalshreppur
Mýrdælingur ehf.

**Kirkjubæjarklaustur**
Búval ehf.
Kvenfélag Skaftártungu

Vestmannaeyjar
Bíla-/vélaverkstæði
Harðar og Matta ehf
Frár ehf.
Huginn ehf
Lífeyrissjóður
Vestmannaeyja
Pétursey ehf
Vestmannaeyjabær
Vélaverkstæðið Þór hf.
Vöruval ehf.
Ystiklettur ehf

HS ORKA HF

VAKA
– Á VERÐI FYRIR ÞIG

ORKAN

LÝÐHEILSUSTÖÐ
www.lydheilsustod.is






# Íslenskur skólastjóri tekur við lýðháskóla í Noregi

## *Viðtal við Berglind Stefánsdóttur*



Í janúar 2010 tók Berglind Stefánsdóttir við skólastjórastöðu í bænum Ål í Noreg en það er í fyrsta skipti sem heyrnarlaus skólastjóri er ráðinn þar. Hún hafði áður verið aðstoðarskólastjóri í Hlíðaskóla og sá um táknmálssvið skólans. Ål er eini lýðháskólinn fyrir heyrnarlausa í Noregi og kom það Berglindi á óvart að svo væri. Þangað sækja um 1300 nemendur á ári í allskonar námskeið og endurmenntun. Einnig er boðið upp á hefðbundinn lýðháskóla fyrir 18 til 30 ára. Foreldrum heyrnarlausra barna er boðið uppá viku námskeið í táknmáli einu sinni á ári þar til börn þeirra verða 18 ára. Foreldrar geta komið með börnin sín með sér í skólann því þar er bæði lítill leik- og grunnskóli á staðnum þar sem börnin geta dvalist á meðan foreldrar sækja námskeið í skólanum. Berglind vill gjarnan fara í Norðurlandasamstarf en hún vill þó gefa sér tíma til þess að koma sér inn í þetta nýja umhverfi sem hún starfar í nú áður en farið verður í svo stórt verkefni. Skólastjórinn íslenski hefur fullan hug á því að Íslendingar verði með í Norðurlandasamstarfinu ef af verður, því að hún telur Íslendinga eiga fullt erindi í það nám sem er í boði í skólanum. Berglind hefur gert sex ára samning við skólann þannig að það eru spennandi tímar framundan í skapandi og skemmtilegu umhverfi en skólinn er staðsettur í fallegu umhverfi sem býður upp á óteljandi möguleika til útivistar. Við óskum Berglindi velfarnaðar í starfi og það væri sannarlega ánægjulegt ef hægt væri að koma á samstarfi milli heyrnarlausra á Íslandi og lýðháskólans í Ål.



*Séð frá lýðháskólanum Ål yfir dalinn. Myndin er frá heimasíðu skólans.*



*Ål er eini lýðháskólinn fyrir heyrnarlausa í Noregi. Myndin er frá heimasíðu skólans.*

# Söguspegilinn

## Svipmyndir frá því í gamla daga

Hér á síðunni eru nokkrar myndir af Döff sem hafa borist félaginu og hafa ekki verið birtar opinberlega.

Í tilefni af 50 ára afmælinu eru hér nokkrar myndir af félagsmönnum sem voru teknar í Sjallanum á Akureyri 1968.



*Talið frá vinstri: Kolbrún Hreiðarsdóttir, Anna Jóna Lárusdóttir, Sverrir Gunnarsson, Ingibjörg Andrésdóttir, Hreinn Guðmundsson, Gunnlaug B. Þorláksdóttir, Böðvar Árnason, Rudolf Kristinsson, Árni J. Sigurbjörnsson og Friðjón Erlendsson.*



*Talið frá vinstri: Kolbrún Hreiðarsdóttir, Anna Jóna Lárusdóttir og Ingibjörg Andrésdóttir.*



*Talið frá vinstri: Rudolf Kristinsson, Friðjón Erlendsson, Árni J. Sigurbjörnsson og Böðvar Árnason.*



*Talið frá vinstri: Friðjón Erlendsson, Böðvar Árnason og Sverrir Gunnarsson.*



*Talið frá vinstri: Hreinn Guðmundsson, Böðvar Árnason og Sverrir Gunnarsson.*



# Heimsókn Döff aldraðra til forseta Íslands

## Ánægjulegt að fræðast um Bessastaði



Það var prúðbúinn hópur sem lagði af stað frá Grensáskirkju þriðjudaginn 23. mars á leið í síðdegisboð að Bessastöðum. Forsetinn tók á móti hópnum í móttökusal Bessastaða og sagði frá sögu staðarins.

Þar afhenti Hermann Birgir Guðjónsson forsetanum veggteppi sem hann sjálfur hafði unnið. Á teppinu var mynd af forsetahjónunum. Forsetinn þakkaði innilega fyrir þessa höfðinglegu gjöf. Hann hafði orð á því að þetta teppi myndi gleðja forsetafrúna sem því miður var upptekin þennan dag og að hún myndi án efa hengja það upp í svefnherbergi þeirra hjóna.

Boðið var upp á léttar veitingar og forsetinn bauð hópnum í bókastofuna og sagði frá ýmsu sem þar bar fyrir augu. Til dæmis að borðið sem var í þeirri stofu væri notað þegar að ríkisstjórnin væri boðuð á Bessastaði. Til gamans má geta að borðið er talið vera 400 ára gamalt en Sveinn Björnsson lét kaupa það þegar ákveðið var að Bessastaðir yrðu heimili forsetans. Forsetinn sagði hópnum frá því að borðið hefði verið keypt frá Evrópu en engin húsgögn máttu þá vera dönsk eða yngri en Bessastaðir sjálfir.

Hópnum var fylgt um alla Bessastaði og þar á meðal á efri hæðina þar sem má finna gjafir sem forsetanum hafa verið gefnar í gegnum tíðina. Þar má sjá hluti eins og klukku frá Mikhail Gorbachev Rússlandsforseta en sú klukka hefur aldrei gengið. Forsetinn sýndi hópnum kjallarann þar sem uppgröftur á konungsgarðinum var í gangi en hann fannst þegar viðgerðir voru gerðar á kjallara forsetans. Í tengslum við þennan uppgröft fundust margir merkir hlutir sem áhugavert er að skoða. Þegar hópurinn hafði skoðað húsið og ritað nöfn sín í gestabók Bessastaða héldu allir glaðir og ánægðir til baka.



# Líf og fjör í óvissuferð

*Anna Jóna Lárusdóttir segir frá*



Nú á vormánuðum fór hópur aldraðra heyrnarlausra í óvissuferð og var tilhlökkun hópsins mikil. Fulltrúi aldraðra í Félagi heyrnalausra hafði umsjón með ferðinni og sá um skipulagningu. Hópurinn lagði af stað frá Grensáskirkju á föstudagsmorgni í fallegu vorveðri sem átti eftir að leika við hópinn allan daginn.

Komið var við á mörgum áhugaverðum stöðum þar sem félagsmenn sáu t.d hestasýningu á Friðheimum í Reykholti og fannst mörgum skemmtilegt að sjá einn knapann ríða hesti sínum með fulla ölkrús í hendinni án þess að hella niður. Að lokinni hestasýningu fengu félagsmenn að kynnast starfsemi í gróðurhúsa. Í gróðurhúsunum var fengið að smakka á nýræktuðum tómötum og agúrkum. Hópurinn skoðaði því næst fossinn Faxa sem er fallegur staður í nágrenni Reykholts. Næst var haldið að Geysi og hann grandskoðaður ásamt svæðinu í kringum hann. Næsti áfangastaður var svo Gullfoss sem skartaði sínu fegursta í góðviðrinu. Að lokum var snæddur kvöldverður á Hótel Gullfossi, en þar var boðið var upp á lambakjöt sem og annað góðgæti.

Á heimleiðinni var rennt í gegnum Þingvelli og var komið í bæinn klukkan hálf tíu um kvöldið. Allir sem í ferðina fóru voru hæstánægðir og ekki spillti góða veðrið fyrir í þessari annars ágætu óvissuferð.



















VIÐ STYRKJUM FÉLAG HEYRNARLAUSRA

Alþýðusamband Íslands

SOS Tölvuhjálp
Er tölvan biluð?
Við lögum hana!
Komum í heimahús.
Sími 864 0931 • sos@alf.is

SYTRA ehf

www.akureyri.is
Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

LITRÓF-HAGPRENT
VATNAGARÐAR 14 • 104 REYKJAVÍK • SÍMI: 563 6000

MJÓLKURSAMSALAN

TV Tækniþjónusta Verktakar ehf

FRUMTÖK
Samtök framleiðenda frumlyfja

Símaverið
Við svörum fyrir þig
S: 450-5500
simaverid@simaverid.is

HAPPDRÆTTI das

ÍSLENSK ERFÐAGREINING



# Stofnun félagsins Litlu Puttalingarnir

*Félag fyrir börn og unglinga*



Í upphafi árs 2010 komu saman aðilar frá Félagi heyrnarlausra, Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og leikskólanum Sólborg til þess að ræða nauðsyn þess að stofna félag ungra heyrnarlausra barna. Í kjölfarið var félagið Litlu Puttalingar stofnað.

Það var svo 16. janúar 2010 sem stofnfundur var haldinn í Félagi heyrnarlausra. Mæting fór fram úr björtustu vonum og var fullt út úr dyrum. Jan Fiurasek leikari sýndi brúðuleikhússýninguna Risarófan og félagið bauð foreldrum og börnum upp á veitingar í tilefni dagsins. Varð það úr að hópurinn myndi koma saman mánaðarlega yfir vetrartímann. Eins hefur táknmálstalandi coda-börnum verið boðið að vera með. Leiðbeinendur eru heyrnarlausir svo að tryggt sé að börnin séu sem mest í táknmálsumhverfi. Það er einmitt aðalmarkmið Litlu Puttalinga, að heyrnarlaus og heyrnarskert börn hitti bæði önnur heyrnarlaus börn og fullorðinna heyrnarlausra. Um leið og við óskum félaginu til hamingju óskum við þeim góðs gengis í framtíðinni.



# Meistari kemur í heimsókn



Ragnheiður Þorgilsdóttir (Lilla) er búsett í Danmörku en var stödd hér á landi í mars mánuði vegna fjarnáms síns í Tómstundarfræðum á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Okkur lék forvitni að vita hvað Lilla væri að gera í Danmörku. Þar starfar hún á sambýli fyrir daufblinda og líkar það mjög vel. Í frítíma sínum stundar hún keilu af kappi.
Frá árunum 1993 til 1999 æfði hún keilu hér á landi en tók sér frí frá þeirri iðju eftir að hún fluttist fyrst út til Danmerkur. Árið 2006 tók hún fram skóna aftur og byrjaði að æfa af krafti. Aðstæður til æfinga eru mun betri en hér á landi og þá sérstaklega fyrir heyrnarlausa. Hún hefur nú þrisvar sinnum orðið Danmerkurmeistari og var eftir þá góðu frammistöðu boðið að æfa með danska landsliðinu í keilu og hefur stundað æfingar með því. Það er þó þannig að Lilla er mikill Íslendingur í sér og vill frekar keppa hér á landi með sínum hóp. Enda er liðið hér á landi með hærra meðalskor en það danska eða 160.
Þegar viðtalið var tekið, var Lilla á leið í keppnisferð ásamt þremur félögum sínum þeim Þresti Friðþjófssyni, Rögnu Magnúsdóttur og Önnu Óladóttir til Aþenu í Grikklandi að keppa fyrir Íslands hönd. Lilla telur hópinn eiga góða möguleika þar sem árangur þeirra undanfarið hafi sýnt að liðið geti náð langt en markmið liðsins er að komast í 16 liða úrslit. Félag heyrnarlausra óskar keilusveitinni góðrar ferðar og góðs gengis á mótinu.

# Með fiðrildi í maganum bjart framundan

Veturinn 2007-2008 skrifaði Ragnhildur Gísladóttir lokaritgerð í Tónsmíðum við Listaháskóla Íslands. Ritgerðin ber nafnið *Með fiðrildi í maganum bjart framundan*. Ritgerðina vann Ragnhildur í tengslum við heyrnarlausa. Hún vann verkefni með ungum dreng í Hlíðaskóla, Arnold, í samstarfi við kennara hans, Hjördísi Önnu, árið 2005.

Í tvær vikur söng Arnold á hverjum degi og kennarinn hans tók upp laglínuna eftir að hann hafði horft á bæði myndbönd og ljósmyndir af náttúru og ævintýrum. Niðurstaðan í þessari rannsókn var sú að Arnold söng frá fyrstu til síðustu upptöku í sama grunntóni. Við það vaknaði áhugi hennar á því að rannsaka enn frekar hvernig heyrnarlausir upplifa tónlist.

Í framhaldinu hafði hún samband við Félag heyrnarlausa og óskaði eftir samstarfi við það að finna heyrnarlausa einstaklinga sem væru til í að taka þátt í rannsókn á upplifun þeirra á tónlist. Það varð úr að Anna Jóna, Eyrún og Hjördís Anna tóku þátt í rannsókninni. Hópurinn hittist þrisvar sinnum á þremur mánuðum og hlustaði á fjögur til fimm tóndæmi í hvert skipti. Þær hittust í hljóðveri þar sem hægt var að stilla tónlistina mjög hátt þannig að bassaboxin gáfu frá sér mikinn titring og eins voru notaðar blöðrur til að ná fram áhrifum tónlistarinnar.

Ragnhildur komst að þeirri niðurstöðu að Anna Jóna, Eyrún og Hjördís Anna upplifðu allar tónlist á hliðstæðan hátt við þá sem hafa heyrn. Til dæmis var tóndæmi úr verki um Hiroshima þar sem þær upplifðu allar sömu tilfinninguna. Lýsingar á borð við ,,dularfullt“, ,,vont“ og ,,allt í einu gýs og allt verður dökkt“ eða ,,vont veður, óhugguleg tilfinning“. Þetta eru allt lýsingar sem lýsa einhverju vondu og þunglyndislegu. Ragnhildur er fullviss um að þeir sem ekki heyra njóti tónlistar hliðstætt þeim sem heyra og nái jafnvel enn dýpri skyjnun en heyrendur.

Þeir sem hafa áhuga á að kynna sér ritgerðina geta lesið hana í heild sinni á netinu undir slóðinni http://skemman.is/bitstream/1946/2348/1/Lokaritgerd.pdf.

# Evrópumeistaramót í keilu

## *Mót í keilu í Aþenu í maí 2010*



*Íslensku keppendurnir í Aþenu. Frá vinstri: Ragna Guðrún Magnúsdóttir, Ragnheiður Þorgilsdóttir, Þröstur Friðþjófsson og Anna K. Óladóttir*

Íþróttafélag heyrnarlausra sendi þrjá Íslendinga til Aþenu til að keppa í keilu þann 11. maí síðastliðinn. Hópurinn lagði af stað frá Leifsstöð snemma að morgni og gisti eina nótt í London. Það var svo 12. maí sem lagt var af stað til Aþenu. Þar var tekið vel á móti keppendum og þeim ekið á hótel rétt fyrir utan Aþenu. Í Aþenu bættist einn liðsmaður við í hópinn, Ragnheiður Þorgilsdóttir, en hún er búsett í Danmörku og keppir fyrir Íslands hönd.
Þröstur Friðþjófsson sat fund undirbúningsnefndar þar sem skipulag mótsins var kynnt og hófst keppnin 14. maí og stóð til 22. maí. Íslensku keppendunum gekk misvel og að sögn Þrastar dróst keppnin oft langt fram á kvöld og fannst hópnum það hafa neikvæð áhrif á frammistöðuna. Þetta hefði gjarnan mátt skipuleggja betur, þrátt fyrir að keppnin sjálf hefði verið skemmtileg. Farið var í margar áhugaverðar skoðunarferðir og gaman var að skoða gamlar menningarminjar Grikkja. Á heildina litið telur hópurinn að ferðin hafi verið ánægjuleg og skemmtileg.







# Félag heyrnarlausra í nýtt húsnæði

## *Félagið flutti inn í maí 2010*




Félag heyrnarlausra hefur nú flutt í nýtt húsnæði að Grensásvegi 50. Stjórn Félags heyrnarlausra í samráði við framkvæmdarstjóra réðst í það verkefni í mars að finna félaginu nýtt húsnæði.

Húsnæðið á Suðurlandsbraut var bæði orðið verulega þröngt og lítið fyrir ört stækkandi starfsemi félagsins. Það passaði illa við þarfir félagsmanna og var loftræstingin til að mynda léleg og gat það verið truflandi ef vel var mætt í salinn.

Í upphafi voru uppi hugmyndir um að fá húsnæði sem áður hýsti Útvarp sögu sem var við hliðina á Félagi heyrnarlausra á Suðurlandsbraut og opna átti þar á milli en fljótlega var fallið frá því vegna mikils kostnaðar sem breytingarnar hefðu haft í för með sér.

Eftir að búið var að skoða fleiri möguleika ákváðu félagsmenn, stjórn og starfsmenn að taka húsnæðið á Grensásvegi 50 og bar öllum saman um að það væri frábært í alla staði og kjörið fyrir starfsemi félagsins. Þar er hátt til lofts og vítt til veggja og ekki skemmir fyrir hið yndislega útsýni sem gerði aðstöðuna einstaka.

Gengið var frá leigusamningi í lok apríl 2010 og strax hafist handa við að laga og breyta húsnæðinu svo það gæti sem best þjónað þeirri starfsemi sem það átti að hýsa. Veggir voru brotnir niður og aðrir settir upp. Gaman er að segja frá því að allir þeir iðnaðarmenn sem að þessu komu eru félagsmenn og hversu fljótt og vel þær breytingar gengu fyrir sig sýnir best hversu góðir iðnaðarmenn heyrnarlausir eru.

Það var svo 17. maí 2010 sem flutt var inn og var það vaskur hópur sem aðstoðaði við flutningana. Síðan tók við að koma sér fyrir á nýjum stað og tengdar voru kærkomnar nýjar tölvur.

Lionsklúbbur Freyr gaf félaginu í tilefni 50 ára afmælisins, sófa, borð og stóla í félagsheimilið. Gjöfin var afhent formlega þann 28. maí 2010. Þessi höfðinglega gjöf kom sér einstaklega vel og hjálpar til að gera nýju félagsaðstöðuna enn betri og notalegri fyrir félagsstarfsemina.

Félag heyrnarlausra vill óska félagsmönnum til hamingju með nýtt og glæsilegt húsnæði á Grensásvegi 50.










# Saumastofa Landspítalans hlýtur Múrbrjótinn

## *Viðurkenning fyrir að brjóta niður múra*

Saumastofa Landspítalans hefur fengið viðurkenningu Félags heyrnarlausra sem veitt er fyrirtækjum eða stofnunum sem skara fram úr í viðhorfi og góðu viðmóti við heyrnarlausa. Styttan sem er farandbikar og færist á milli fyrirtækja kallast Múrbrjóturinn.



Laila Margrét Arnþórsdóttir fræðslu-fulltrúi Félags heyrnarlausra afhenti viðurkenninguna á starfsmanna-fundi á Tunguhálsi 5. mars 2010. Í umsögn hennar segir: “Sauma-stofan hefur verið framúrskarandi í þessum efnum og yndislega vel tekið á móti heyrnarlausum starfs-manni. Margir vinnustaðir mættu taka saumastofuna sér til fyrirmyndar og eru þær góðu konur sem þar starfa vel að heiðrinum komnar.”

Styttan sem saumastofan Land-spítalans fékk til varðveislu nefnist “Múrbrjótur” og er farandgripur. Hann var síðast afhentur árið 2001 og þá var það leikskólinn Sólhlíð sem Félagi heyrnarlausra þótti ástæða til þess að veita viðurkenningu. Það var svo fyrst núna sem félagið fann verðugan arftakan í saumastofu Landspítala. Sigurbjörg Hermannsdóttir, starfs-maður á saumastofunni og Sigrún Björg Einarsdóttir, rekstrarstjóri hennar, tóku við Múrbrjótnum fyrir hönd starfsmanna saumastofunnar.


BÓNUS



*Er ráðstefna eða fundur á döfinni?*

Hjá **Iceland Congress** vinnur vel menntað og sérhæft starfsfólk með yfir tuttugu ára reynslu á sínu sviði. Við aðstoðum viðskiptavini okkar við að skipuleggja og undirbúa allar stærðir og gerðir af fundum, ráðstefnum og öðrum atburðum. **Iceland Congress** býður persónulega þjónustu og hefur áhuga á þér og þínum markmiðum.

ICELAND CONGRESS

Eskihlíð 3 ▪ 105 Reykjavík ▪ S: 552 9500 ▪ info@icelandcongress.is ▪ www.icelandcongress.is




# Svipmyndir frá málþingi um Castberggaard heilkenni

## *Dagur heyrnarlausra 2009*

Síðustu helgi septembermánaðar ár hvert er Dagur heyrnarlausra haldinn hátíðlegur víðsvegar um heiminn. Ýmislegt skemmtilegt er gert á þessum degi, svo sem skrúðganga, listaverkasýning, málþing og margt fleira. Félag heyrnarlausra hélt málþing laugardaginn 26. september 2009 um Castberggard heilkenni í Öskju, í Háskóla Íslands. Aðalfyrirlesarinn var Tomas Kold frá Danmörku sem hefur ritað mikið um Castberggaard heilkenni og skapað miklar umræður um efnið á Norðurlöndunum. Auk þess flutti Haukur Vilhjálmsson fyrirlestur um heyrnarmismunun (*e. Audism*) á málþinginu. Fundarstjóri málþings var Eyrún Ólafsdóttir. Umsjón með málþinginu hafði Unnur Dóra Norðfjörð. Málþingið var vel sótt og voru gestir þess fræddir um heyrnarmismunun og Carlsberggaard heilkenni. Hér á síðunni má sjá nokkrar svipmyndir frá málþinginu.











Virðing
Réttlæti
VR

Starfsgreinasamband Íslands

MÁLNINGARMIÐSTÖÐIN
Þröstur Guðjónsson
Málarameistari
Sími: 694 1147 · 600 Akureyri

Góa-Linda

FIT
FÉLAG IÐN- OG TÆKNIGREINA

MJÓLKURSAMSALAN

Hvalur hf.

TÖLVUÞJÓNUSTAN
SECURSTORE

NÆSTUM ANNAR HVER
HLÝTUR VINNING. ÁTT ÞÚ MIÐA?

- Um **36.000** manns fá vinning á hverju ári – frá 5.000 kr. upp í 75 milljónir.
- **70%** tekna fara til miðaeigenda sem vinningar – 700 kr. af hverjum 1.000 kr.
- Um **800 milljónir** voru greiddar út í vinninga á síðasta ári.
- Trompmiði **fimmfaldar** vinningsupphæðina – 5 milljónir kr. verða að 25 milljónum.
- Yfir **20 háskólabyggingar** hafa verið byggðar fyrir happdrættisfé.
- Dregið er **tvisvar í mánuði.** Þú getur því átt von á milljónum hálfsmánaðarlega.

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
VÆNLEGAST TIL VINNINGS



Tryggðu þér miða á www.hhi.is, í síma 800 6611 eða hjá næsta umboðsmanni.





# Aukalán vegna sérþarfa

Þeir sem hafa skerta starfsorku, eru fatlaðir eða hreyfihamlaðir geta fengið aukalán til að gera breytingar á íbúðarhúsnæði eða til að kaupa eða byggja húsnæði vegna sérþarfa sinna. Lánið kemur til viðbótar 20 milljóna króna hámarksláni Íbúðalánasjóðs eða öðrum fasteignaveðlánum að hámarki 20 milljónum. Einnig er heimilt að veita aukalán til forsvarsmanna þeirra sem búa við sérþarfir.

- **Hámarksfjárhæð 8 milljónir**
- **Fastir vextir án uppgreiðsluákvæðis**
- **Lántökugjald 0,5% af lánsfjárhæð**
- **90% af kaupverði eða byggingarkostnaði**
- **90% af viðbótar- og endurbótakostnaði**

**www.ils.is**
Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími : 569 6900, 800 6969

Íbúðalánasjóður

# *Gleðilegt* sumar

*Hafðu samband*
sími 444 7000 • arionbanki.is



Arion banki